



MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Ársskýrsla 2014

Myndlistaskólinn í Reykjavík

www.myndlistaskolinn.is

www.facebook.com/myndlistaskolinn

Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius

Myndir: Ýmsir

Prentun: Pixel

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Ljósmynd á kápu er af verkefni 6-9 ára nemanda hjá Margréti M. Norðdahl.

Innan á saurblaði: Hópur nemenda á sumarnámskeiði hjá Ragnheiði Gestsdóttur. Yfirskrift námskeiðsins var Skapandi ferðalag.

Útgefið í mars 2015

MYNDLISTASKÓLINN
Í R E Y K J A V Í K

Ávarp skólastjóra

Skólastarf í Myndlistaskólanum var öflugt að vanda en segja má að breytingar hafi sett mark sitt á árið 2014. Skólastjóraskipti urðu um mitt árið og um haustið voru gerðar breytingar á launatöxtum skólans. Launabreytingarnar voru lokapunktur margra mánaða vinnu starfs- hóps sem settur var saman á kennarafundi í febrúar 2013. Launataxtar skólans hækkuðu frá og með 1. ágúst umfram hækkunar á almennum markaði og við sama tækifæri var ýtt undir frekara gegnsæi í launagreiðslum. Skólinn greiðir sama tímakaup fyrir alla kennslu, hver sem menntun kennarans eða starfsreynsla er og hvort sem kennslan miðast við leikskóla- börn eða nemendur á grunn-, framhalds- eða háskólastigi. Þess er vænst að ekki þurfi að hrófla við launareglum á næstunni en taxtar munu áfram hækka með almennum launa- hækkunum. Auðvitað er einlægur vilji til að gera enn betur við alla starfsmenn en það helst í hendur við tekjur skólans og rekstrarafkomu. Þetta er svolítill línudans.

Sá tími kemur sennilega seint að hægt verði að segja að skóli sé fullskapaður og þurfi ekki frekari breytinga við enda er skóli í eðli sínu lifandi stofnun. Þar sem nemendum í dagskóla hefur fjölgað mikið á síðustu árum er orðið þröngt um félagsaðstöðu nemenda. Ákveðið var að hætta útleigu herbergja á þriðju hæð og taka þau undir starfsemi skólans. Hugmyndin er að á þeim gangi verði flestir fastir starfsmenn með aðstöðu og fyrir vikið hægt að auka við kaffistofu nemenda. Þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram á Alþingi var ekki gert ráð fyrir framlagi til sjónlistadeildar (en úr því rættist á elleftu stundu). Fyrir vikið var ákveðið að fresta öllum breytingum. Við þessa óvissu bættust svo uppkaup fjárfesta innan JL hússins sem hyggjast opna þar gistiheimili. Hópurinn sem hefur eignast allt húsið að undanskild- um hæðum skólans og húsnæði Subway og lyfjabúðarinnar hefur lýst áhuga á að kaupa húsnæði skólans. Hvernig sem það fer á endanum hefur skólanum ekki borist nægilega hátt tilboð til þess að lagt verði í húsnæðis kaup með öllu því umstangi og raski sem óhjákvæmi- lega fylgir flutningum.

Nú er stefnt að því að fara í umræddar innanhússbreytingar í sumar.

Fyrirætlaður gistiheimilisrekstur hefur fallið í misgrýttan jarðveg hjá velunnurum skólans. Því skal þó haldið til haga að þótt vissulega sé eftirsjá í ReykjavíkurAkademíunni hefur skól- inn ákveðinn ávinning af því að fá aðila að húsfélaginu sem vilja halda húsinu við og bæta umhverfi þess og útlit. Ef mál þróast þannig gætu líka leynst mikil tækifæri í flutningum. Við tökum því sem að höndum ber og lítum björtum augum til framtíðarinnar.

Áslaug Thorlacius



Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar sjálfeignarstofnunnar	6
Námsráðgjöf	8
Bókasafn	9
Menntaáætlun	9
Barna- og unglínganámskeið	10
Almenn námskeið	15
Sjónlistadeild	17
Diplómadeildir	21
Mótun - leir og tengd efni	22
Teikning	24
Textíll	26
Skipurit	29
Tölulegar upplýsingar	32
Brautskráðir nemendur	34
Félagatal	35

SKÝRSLA STJÓRNAR

– FUNDIR Í STJÓRN SJÁLFSEIGNARSTOFNUNNAR

Stjórn félags Myndlistaskólans í Reykjavík

Í stjórn félags Myndlistaskólans í Reykjavík voru frá aðalfundi 22. maí 2014: **Eygló Harðardóttir, Guðjón Ketilsson, Hafdís Helgadóttir, Herdís Ellen Gunnarsdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir**. Félagið stóð að vanda fyrir glæsilegu og fjölsóttu jólaboði.

Stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík ses

Frá sama aðalfundi sátu í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar **Kristinn Guðbrandur Harðarson** formaður, **Margrét H Blöndal, Brynhildur Pálsdóttir, Einar Garibaldi Eiriksson, Hildur Bjarnadóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir** og **Áslaug Thorlacius**. Árið 2014 voru haldnir 6 formlegir fundir í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

Ráðning skólastjóra

Fyrsta stóra verkefni stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar á árinu var að ráða nýjan skólastjóra en **Ingibjörg Jóhannsdóttir** sagði starfi sínu lausu snemma árs. Fór sú vinna að mestu fram í mars og apríl en auglýst var opinberlega og bærust 6 umsóknir. Sérskipuð valnefnd, sem í sátu **Margrét H Blöndal, Kristján Steingrímur Jónsson** og **Jóhannes Þórðarson**, fór yfir umsóknir og tók viðtöl við umsækjendur. Niðurstaða nefndarinnar var að ráða Áslaugu Thorlacius og tók hún við starfi skólastjóra 1. júní 2014.

Launahækkningar

Í framhaldi af vinnu launanevndar sem starfað hafði innan skólans frá febrúar 2013 var tekin ákvörðun um að hækka laun við skólann og tók sú hækkun gildi frá og með 1. ágúst 2014. Um leið voru launagreiðslur samræmdar milli deilda en með tímanum höfðu myndast ólíkar hefðir eftir því undir hvaða deild kennslan heyrði, fyrst og fremst varðandi kennsluundirbúning. Ákveðið var að greiða álag fyrir barnakennslu, hærra eftir því sem börnin eru yngri og jafnframt sérstak álag fyrir kennslu eftir kl. 17:00 á daginn og um helgar. Allir kennarar við skólann fá greitt fyrir undirbúningsfund og sömuleiðis var ákveðið að greiða öllum kennurum fyrir uppgjör námskeiðs, hvort sem það er í formi einkunnagjafar eða skýrslugerðar.

Á kennarafundi með kennurum í námskeiðaskóla voru umræður um einkunnagjöf á námskeiðum á framhaldsskólastigi í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Ekki voru allir kennarar sáttir við þá hugmynd og var ákveðið að fresta framkvæmdinni.

Húsnæðismál


Húsnæðismál voru til umræðu stóran hluta ársins. Annars vegar var ákveðið að skólinn hætti útleigu á vinnustofum á 3. hæð þar sem stækka þurfti bæði bóknámsstofu og tölvustofu, auk þess sem hugmyndir eru uppi um að stækka nemendaaðstöðu og flytja fasta starfsmenn skólans til í húsinu.

Húsnæðismálin hafa einnig verið á dagskrá í tengslum við kaup hóps fjárfesta á 4. og 5. hæðum JL hússins en þar er fyrirhugað að hefja rekstur á gistiheimili sumarið 2015. Sami hópur hefur jafnframt keypt verslunarhúsnæðið á fyrstu hæð og stendur til að

þar verði móttaka fyrir hostelið auk veitingastaða. Hópurinn hefur áhuga á að eignast allt húsið og var málið rætt við skólastjóra. Eftir stutta skoðun á markaðnum fengu nokkrir starfsmenn augastað á húsi við Ármúla sem þótti koma til greina. Tilboðið sem síðan barst skólanum var hinsvegar fjarri því nógu hátt og var því hafnað. Skólinn er því áfram staðsettur við Hringbrautina.

Starfsfólk

Nýr skólastjóri óskaði eftir því að hver og einn af föstum starfsmönnum skólans gerði lýsingu á sínu starfi til þess að betur mætti glöggva sig á hlutverkum hvers og eins. Sú vinna fór ágætlega af stað en henni er enn ekki að fullu lokið. Gerðar voru nokkrar tilfærslur á verkefnum milli starfsmanna, sú stærsta fólst í því að Sigurlína tók að sér að halda utan um almenn námskeið. Við skólastjóranskiptin var einnig tekin sú stefna að halda tíðari starfsmannafundi og hafa að jafnaði verið haldnir vikulegir hádegisfundir þar sem rætt er um það sem fram fer innan skólans hverju sinni. Auk þess býður skólinn föstu starfsfólki og þeim kennurum sem kenna þá og þá stundina við skólann upp á jóga í tengslum við jógakennslu í sjónlistadeild. Þetta hafa verið 20-30 mínútna tímar þar sem farið er í gegnum örfáar æfingar og góða slökun.



Fjármál

Þegar Ingibjörg hætti störfum taldi hún sig hafa fengið skýr skilaboð frá menntamálaráðuneytinu um að gerður yrði þriggja ára samningur við skólann um rekstur sjónlistadeildar en fram að því hafði aldrei verið hægt að ganga út frá því sem vísu að deildin yrði í rekstri í meira en eitt ár í senn. Í september var skólastjóri



kölluð á fund í ráðuneytinu þar sem henni var tilkynnt að ekki yrði af samningi að svo stöddu og kom í ljós að í frumvarpi til fjárlaga var ekki gert ráð fyrir neinu framlagi til tveggja ára brautarinnar. Þessi staða hélst óbreytt allt haustið og það var ekki fyrr en við lokaafgreiðslu fjárlaga sem fjárveiting til deildarinnar fyrir árið 2015 var tryggð. Þessi óvissa setti ýmislegt úr skorðum og það var mikill léttir þegar fréttir bárust af því að fjárveiting hefði fengist.

Nemendabókhalld

Skólinn hefur vistað sitt nemendabókhalld í kerfi sem sett var upp í **FileMaker Pro** fyrir rúmum áratug. Kerfið hefur virkað með ágætum en var orðið úrelt þar sem það var komið nokkuð til ára sinna. Fjórfað hafði verið í nýrri útgáfu af FileMaker og síðasta vor var ráðinn forritari til verksins, **Hans J Gunnarsson**. Í október kom hinsvegar í ljós að hans vinna var mun meiri en svo að skólinn hefði efni á verkefninu og eftir að nefnd starfsmanna hafði farið á kynningarfund hjá Advania og skoðað námsvefinn **inna.is** var tekin ákvörðun um að láta staðar numið við forritunina og nýta þann grunn sem þegar var orðinn til fram á vor 2015. Stefnt er að því að taka innuna í notkun frá og með næsta hausti.

Skólakynningar og opinn dagur

Myndlistaskólinn tók þátt í kynningu framhaldsskólanna í **Kórnum** í Kópavogi 8-10 mars og lagði fyrst og fremst áherslu á að kynna sjónlistadeild, tveggja ára námsbraut til stúdentsprófs. Af tilefninu var útbúinn nýr bæklingur um deildina og stór kynningarspjöld. Á **Sumardaginn fyrsta** var opið hús í Myndlistaskólanum. Aðaláherslan var á að sýna verkefni eftir nemendur barna- og unglingadeilda og nemendur á almennum námskeiðum. Nemendum dagskóla var boðið að vera við störf en vegna þess hve skammt er milli Sumardagsins fyrsta og lokasýningar skólans hafa þau lítið að sýna á þeim tímamarki þar sem þau eru í miðjum klíðum að vinna sín útskriftarverk. Um haustið var tekin ákvörðun um að breyta fyrirkomulaginu í framtíðinni. Sumardagurinn fyrsti verður framvegis helgaður barna- og unglingadeild og almennu deildinni en í október verður hinsvegar **opinn dagur** þar sem nemendum grunnskóla og annarra framhaldsskóla er boðið að koma og kynna sér fullt nám við Myndlistaskólann. Fyrsti opni dagurinn var haldinn 23. október og var hann fjölsóttur og heppnaðist mjög vel í alla staði.

Fundir og ráðstefnur

Í framhaldi af heimsókn fulltrúa frá sveitarfélaginu **Li** í Finnlandi haustið 2013 fóru **Ingibjörg Jóhannsdóttir** skólastjóri og **Anna Hrunn Másdóttir** stærðfræðikennari til Finnlands á vormisseri til þess að kynna aðferðir í stærðfræðikennslu við skólann en yfirvöld í **Li** hafa tekið ákvörðun um að efla sköpun í öllu skólastarfi.

Í september var kosin ný stjórn nemendafélags Myndlistaskólans. Félagið stóð m.a. fyrir skemmtifundi fyrir jólin.



Áslaug Thorlacius skólastjóri fór til Noregs í október til fundar við

fulltrúa nokkurra annarra valinna verkefna sem njóta fjárhagslegs stuðnings frá Prúnarsjóði EFTA (sem nú heitir Uppbyggingarsjóður EES) í tengslum við verkefnið **Iceland and Poland Against Exclusion from Culture**. Fundurinn var í boði sjóðsins.

Styrkir og umsóknir

Verkefnið **Iceland and Poland Against Exclusion from Culture** var styrkt af **Prúnarsjóði EFTA** (sem nú heitir Uppbyggingarsjóður EES) en tilgangur þess var að gefa fólki með skerta sjón tækifæri til að njóta fjölbreyttra sjónlista, m.a. fyrir tilstilli sjónlýsinga. Nemendur á 2. ári í sjónlistadeild og nemendur barna- og unglingadeildar tóku þátt af hálfu skólans. Stjórn verkefnisins var í höndum **Centrum Kultury Wrocław Zachod** og auk Myndlistaskólans áttu **Gaflaraleikhúsið** í Hafnarfirði og **Bíó Paradís** aðild að því.

Skólinn samþykkti að taka þátt í norræna verkefninu **Sisters Academy**, ásamt LHÍ. Ætlunin var að verkefninu yrði hrint í framkvæmd í skólabyrjun en þar sem ekki fékkst styrkur var því frestað.



Skólinn samþykkti að vera aðili að nokkrum samstarfsverkefnum sem sótt var um til Prúnarsjóðs EES, m.a. af stofnunum í Búlgaríu og Rúmeníu en þær umsóknir fengu ekki brautargengi.

Allir nemendur mótunardeildar fóru í námsferð til Danmerkur og Þýskalands með styrk frá Leonardo, menntaáætlun ESB. Tveir nemendur textildeildar fóru í 7 vikna starfsnám á vormisseri með ferða- og dvalarstyrk frá Erasmus. Fyrirtækin sem tóku á móti þeim voru **Muovo** í Helsinki í Finnlandi og **Eribé knitwear** í Skotlandi.



Frá sumarnámskeiðunum Vatnsmyllur, fossar og vindfangarar sem Guðrún Vera Hjartardóttir og Elsa Dórothea Gísladóttir höfðu umsjón með og Um hljóð til augna sem Margrét H. Blöndal og Margrét Kristín Blöndal kenndu. Nemendahóparnir voru á aldrinum 6-9 ára.



Hvatningarverðlaun ÖBÍ

Skólinn var tilnefndur til **Hvatningarverðlauna ÖBÍ** fyrir starf sitt með fólki með þroskahömlun. Margar stofnanir og fyrirtæki hlutu tilnefningar en fulltrúar skólans á verðlaunaveitingarathöfninni voru þrátt fyrir það afar upp með sér af þeim heiðri sem skólanum var sýndur.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi starfar við skólann í 20 % starfshlutfalli. **Anna Sigurðardóttir** er með fasta viðveru á þriðjudögum eftir hádegi en sinnir erindum utan þess í gegnum tölvupóst. Meginverkefni námsráðgjafa er að leiðbeina nemendum eftir þeirra eigin ósk og er námsráðgjafi bundinn trúnaði gagnvart einstaklingum er til hans leita. Námsráðgjafi starfar einnig með deildarstjórum og skólástjóra eftir því sem þurfa þykir.

Námsráðgjafi leitast við að sinna þeim málum sem upp koma í viðtölum og liðsinnir meðal annars nemendum um vinnubrögð í námi og almenna námstækni. Námsráðgjafi býður einnig upp á fyrirlestra ef þurfa þykir og á þessu skólaári voru haldnir opnir fyrirlestrar um **lestrartækni** og **frestun**.

Námsráðgjafi kallar til sín alla nemendur í sjónlistadeild þegar þeir hefja nám við skólann og kynnrir þeim starfseminna. Námsráðgjafi er í samstarfi við diplómadeildir skólans og hafa nemendur þar jafnan aðgang að viðtölum.

Kynningamál og tengsl við aðra náms- og starfsráðgjafa eru að hluta til í umsjón námsráðgjafa og hafa bæði nemendur og starfsmenn skóla komið í heimsókn á þessu skólaári.

Í minningu Hilmar Guðjónssonar

Hilmar Guðjónsson teiknari varð bráðkvaddur í Myndlistaskólanum 11. febrúar 2014. Hilmar tengdist Myndlistaskólanum sterkum böndum frá því hann kom í fyrst í skólann sem nemandi árið 1969 og allt til dauðadags. Hilmar hefur hannað og smíðað innréttingar og aðrar innanhússlausnir fyrir skólann af miklu listfengi. Hann starfaði um árabíl sem kennari við teiknideild en síðustu árin sá hann um allra handanna viðhald á húsnæði og eigum skólans. Hilmar er sárt saknað en hann var góður og skemmtilegur samstarfsfélagi og einstaklega vandvirkur og flinkur við allt sem hann tók sér fyrir hendur.

Á aðalfundi í maí 2014 var opnuð sýning á módelteikningum Hilmar í húsnæði skólans og stóð hún fram yfir skólabyrjun í ágúst. Um uppsetningu sýningarinnar sá Margrét H. Blöndal.

Eftir Hilmar liggur gríðarlegt magn módelteikninga. Í aðdraganda sýningarinnar fór Margrét ásamt Snorra Frey, syni Hilmar, í gegnum þúsundir teikninga en sýningin spannaði þau 45 ár frá því hann hóf nám við skólann og þar til hann lést. Flestar teikningarnar vann Hilmar í kennarateikningu í Myndlistaskólanum en hann var í hópi þeirra listamanna sem viðhalda teiknileikni sinni með vikulegri ástundun módelteikningar.

BÓKASAFN

Bókasafn

Eftir endurskipulagning á bókasafninu sem fram fór árið 2013 var safnið orðið opnara og bjartara og er vinnuaðstaða betri, bæði fyrir starfsfólk og nemendur.

Árið 2014 starfaði einn bókasafnsfræðingur við safn Myndlistaskólans í Reykjavík, **Herdís Tómasdóttir** og var hún í 40% starfi. Auk hennar störfuðu **Bjarki Bragason** og **Margrét H Blöndal** við bókasafnið á vorönn. **Karlotta Blöndal** hóf störf við bókasafnið á haustönn og var fram að áramótum. Auk hennar starfaði **Sigga Björg Sigurðardóttir** um tíma við safnið á haustönn. Viðvera starfsmanna var fimm daga vikunnar, alla morgna frá kl. 9:00 til kl. 14:00. Safnið var opið eftir það, án starfsmanns, þar til skólanum var lokað á kvöldin.

Þar sem ekki var leyfilegt að hafa Gegni - landskerfi bókasafna opið þegar enginn starfsmaður var á safninu, var notast við eldri aðferð við útlán, þ.e. að treysta notendum til að fylla út þar til gerða útlánamiða þegar starfsmaður var ekki við.

Notkun á bókasafninu jókst á árinu, bæði útlán og not á staðnum. Olli því bæði fjölgun nemenda í skólanum og það að safnkosturinn er aðgengilegur í Gegni. Fólk utan skólans sótti einnig í safnið - kom, skoðaði og ljósritaði. Það truflaði ekki notkun á safninu, þar sem efnið var ekki lánað út fyrir stofnunina.

Lánþegar bókasafnsins í Gegni voru u.þ.b. 196, þ.e. þeir sem höfðu lánþegaréttindi í safninu. Útlán voru alls um 1400, svipað og árið áður, bæði skráð útlán í Gegni og á útlánamiða. Nokkuð var um að útlán væru ekki skráð á miða og er sú áætlaða útlánatala tekin með. Útlánnum í Gegni fjölgaði aðeins, voru 795 á árinu.

Búið er að koma upp aðstöðu til þess að skanna inn efni við nemendatölvuna á bókasafninu og var keyptur einfaldur skanni.

Í safnið bættust um 237 ný rit á árinu, aðallega efni um myndlist, sumt gjafir frá velunnurum safnsins, kennurum og gömlum nemendum. Gerðir eru aðfangalistar yfir nýtt efni og þeir sendir til deildarstjóra í lok hverrar annar. Alls eru fimmpúsund níuhundruð þrjátíu og þrjú (5.933) eintök í eigu safnsins skráð í Gegni. 12 tímarit, innlend og erlend, eru í áskrift og eru þau töluvert skoðuð og notuð. Skráningu á gjöf frá fjölskyldu **Elsu E. Guðjónsson** var frestað til næsta árs.

Gallerí veggur sem stofnað var haustið 2004 hefur aðsetur á bókasafni skólans. Þar hafa sýnt í gegnum tíðina myndlistamenn, sem hafa starfað við skólann.

MENNTAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS, LEONARDO OG ERASMUS +

Síðan 2007 hefur Myndlistaskólinn í Reykjavík sótt um styrki til Mennaáætlunar Evrópusambandsins fyrir námsferðum nemenda og kennara til Evrópu. Árið 2010 fékk skólinn vottun á Leonardoverkefnið og styrkloforð sem gildi til ársins 2013. Styrkurinn gerir nemendum á annari önn (B-hluta) í diplómanámi í keramik, teikningu og textíl kleift að fara í tveggja vikna vettvangsferð til Evrópu að heimsækja skóla og fyrirtæki. Mikilvægur þáttur í ferðunum er að nemendur og kennarar eru í beinu sambandi og samtali við fagfólk í ýmsum störfum á sviði keramiks, teikningar og textíls - við menntun, efnisrannsóknir, nýsköpun, hönnun og framleiðslu.

Verkefnastýra Leonardo og Erasmus + verkefnanna er Sigurlína Osuala og er hlutverk hennar að sækja um styrki fyrir nemendur, deildarstjóra og kennara diplómadeildanna. Hún situr námskeið á vegum menntaáætlunar Evrópusambandsins, upplýsir þátttakendur um praktísk atriði varðandi Erasmus+, s.s. Europassa, heldur utan um verkefni og skipulagningu þeirra, gerir samninga og skýrslur (skýrslur þátttakenda, milliskýrslur og lokaskýrslur). Hún sækir einnig um vottun fyrir skólann.

Árið 2014 var í fyrsta skipti sótt um styrk til Erasmus +. Sótt var um fyrir námsferð nemenda og kennara í teiknideild, lengra starfsnámi fyrir þrjá textílnemendur og námsferð deildastjóra diplómadeilda sem ætla að kynna sér námsmat í nokkrum skólum í Bretlandi. Fullur styrkur var veittur að upphæð 53.619 evrur. Um sumarið fóru tveir nemendur í textíl í starfsnám (styrkt af Erasmus +), annars vegar í fjórar vikur til Finnlands og hins vegar í sjö vikur til Skotlands.

Vegna breytinga á fyrirkomulagi í Mótun var B-hluti ekki kenndur á vorönn en í þeim hluta er farið í námsferð til útlanda með styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins (Leonardo). Skólinn átti inni styrk sem varð að nýta fyrir maí 2014 og var því ákveðið að nemendur í D-hluta Mótunar færu til Danmerkur og Þýskalands. Farið var í heimsókn í The Royal Danish Academy of Fine Arts í Kaupmannahöfn og keramikdeildina á Bornholm.

Ferðin til Þýskalands var tengd verkefni annarinnar, Restaurant of the future, en nemendur fengu að steypa, glerja og brenna verk sín í postulinsverksmiðju KAHLA. Mótun hefur skapað sterk og góð tengsl við verksmiðjuna og mun halda áfram að rækta þau. Sigurlína Osuala og Brynhildur Pálsdóttir höfðu umsjón með verkefninu og fóru með í ferðina.

Leonardostyrkurinn var veittur árið 2012 og var til tveggja ára. Öllum gögnum og lokaskýrslu vegna verkefnisins var skilað inn til Menntaáætlun Evrópusambandsins í júní 2014.

BARNA- OG UNGLÍNGAÐEILD

NÁMSKEIÐ VIÐ BARNA- OG UNGLÍNGAÐEILD



Nemendur á sumarnámskeiðum heimsóttu fjöruna ásamt kennurum sínum þegar vel viðraði.

Námskeið á vorönn


Boðið var upp á sömu námskeið og á haustönn 2013, þar sem námskeið í barna- og unglíngadeild eru byggð upp sem heilsvetrarnámskeið þó að nemendur geti skráð sig í eina önn ef þeir kjósa. Til viðbótar við námskeiðin sem voru á haustönn var bætt við einu 6-9 ára námskeiði og einu 13-16 ára námskeiði í teikningu á vorönninni.

Af þeim 234 nemendum sem sóttu námskeið við barna- og unglíngadeild á vorönn voru 195 nemendur með lögheimili í Reykjavík. 39 nemendur komu frá öðrum sveitarfélögum, flestir frá Seltjarnarnesi og Kópavogi, en einnig komu nemendur frá Garðabæ, Mosfellsbæ, Hafnarfirði, Álftanesi, Selfossi og Flúðum.

Samtals voru því haldin 29 námskeiði við barna- og unglíngadeild á vorönn 2014, þar af 2 í útibúi skólans í Miðbergi líkt og á haustönn 2013. Samtals sóttu 234 nemendur námskeið við barna- og unglíngadeild á vorönn, sem er 15% aukning frá vorönn 2013.

	Vorönn 2014
Nemendur með lögheimili í Rvk	195
Nemendur með lögheimili utan Rvk	39
Nemendur samtals	234

	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
4-5 ára	5	29
6-9 ára	13	99
8-11 ára	1	10
8-12 ára	2	20
10-12 ára	5	50
13-16 ára	3	26
Samtals	29	234



Eins og á haustönn 2013 má sjá að samsetning nemendahópsins var önnur í Miðbergi en á Hringbraut og ljóst að börn sem búa í hverfum langt frá húsnaði skólans á Hringbraut eiga auðveldara með að sækja námskeið á vegum skólans á meðan að hægt er að starfrækja útibúið í Breiðholti. Því var sérstaklega

Tafla 3	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
4-6 ára	2	12
6-9 ára	16	124
8-11 ára	1	9
8-12 ára	1	8
10-12 ára	5	45
13-16 ára	3	25
Samtals	28	223

ánægjulegt að fjármagn fékkst fyrir námskeiðum þar á haustönn 2014 í þjónustusamningi við skóla- og frístundasvið en áður hafði starfsemin í Miðbergi verið styrkt með fjárveitingu úr almennum styrktarsjóði skóla- og frístundaráðs og Hverfissjóði borgarinnar.

Námskeið á vorönn voru haldin frá föstudeginum 16. janúar en síðasti kennsludagur var fimmtudagurinn 8. maí. Vetrarleyfi var á sama tíma og í grunnskólum í Reykjavík, dagana 20.-23. febrúar og páskafrí var frá 11.-23. apríl. Hvert námskeið var 13 vikur á vorönn, utan námskeiðanna tveggja sem kennd voru í Miðbergi sem voru 10 vikur að lengd.

Kennarar á námskeiðum í barna- og unglíngadeild á vorönn voru: **Anna Hallin, Guðbjörg Káradóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Halldóra Ingimarsdóttir, Harpa Rún Ólafsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Inga María Brynjarsdóttir, Ina Salóme Hallgrímsdóttir, J.B.K. Ransú, Kari Ósk Grétudóttir, Karlotta Blöndal, Kristín Reynisdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir** og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir.

Sumarnámskeið

Sumarið 2014 bauð skólinn upp á fjölda spennandi námskeiða fyrir börn á aldrinum 4-16 ára sem kennarar við deildina höfðu sett

„Vasagull“ sem 6-9 ára nemendur hönnuðu í þrívíddarforritum og voru síðan prentuð út með þrívíddarprentara. Kennarar voru **Ina Salóme Hallgrímsdóttir** og **Baldur Björnsson**



	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
4-5 ára	4	24
6-9 ára	10	79
8-11 ára	1	9
8-12 ára	1	9
10-12 ára	6	50
13-16 ára	3	31
Samtals	25	202

saman. Fyrir 4-6 ára var boðið upp á námskeiðin *Skapandi ferðalag*. Fyrir 6-9 ára voru haldin námskeiðin *Vatnsmyllur, fossar og vindfangarar, Fuglarannsóknir, Litir og litatilraunir* og *Um hljóð til augna*. Fyrir 8-11 ára var haldið leirnámskeiðið *Efnið og andinn* og í fyrsta skipti var haldið sérstakt námskeið í þrívíddarforritum og þrívíddarprentun en það var ætlað aldursþópnum 8-12 ára. Þar naut Myndlistaskólinn einstakrar greiðasemi forsprakka forritsins **Modio** sem lánaði skólanum tvo þrívíddarprentara og ipada á meðan á námskeiðinu stóð. Fyrir 10-12 ára voru haldin námskeiðin *Hreyfimyndagerð* og *Sjónrænar tilraunir* og fyrir 13-16 ára námskeiðin *Skapandi heimildamyndagerð, Teikning* og *Fatahönnun „Upcycling“*.

Þar sem skráning hafði tvöfaldast sumarið áður var ákveðið að

Nemendur bjuggu til ævintýrlegar vatnsmyllur og fossa um sumarið undir handleiðslu **Elsu Dórotheu Gísladóttur** og **Guðrúnar Veru Hjartardóttur**.



lengja námskeiðin aftur þannig að kennt væri í 3 klukkutíma hvern dag en þau höfðu verið stytta í 2 og hálfan tíma sumarið 2013 þar sem skráning hafði dregist mjög saman árið á undan. Skemmt er frá því að segja að þetta dró ekki úr skráningum sem voru enn fleiri en sumarið 2013.

Námskeiðin voru haldin vikurnar 10.-13. júní, 16.-20. júní, 23.-27. júní, 11.-15. ágúst og 18.-21. ágúst og voru ýmist 4 eða 5 dagar að lengd, kennd fyrir eða eftir hádegi.

Kennarar á sumarnámskeiðum voru **Baldur Björnsson, Elsa Dórothea Gísladóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Karlotta Blöndal, Magnea Einarsdóttir, Margrét H. Blöndal, Margrét Kristín Blöndal og Ragnheiður Gestsdóttir.**

Námskeið á haustönn

Á haustönn 2014 fóru samtals af stað 25 heilsvetrarnámskeið við barna- og unglingsdeild. Sem fyrr var boðið upp á almenn myndlistarnámskeið í yngri aldurshópnum tveimur en sérhæfðari námskeið fyrir 8-16 ára börn og unglunga, s.s. í leirmótun og

	Haustönn 2014
Nemendur með lögheimili í Rvk	176
Nemendur með lögheimili utan Rvk	26
Nemendur samtals	202




skúlptúr, vídeó- og hreyfimyndagerð, myndasögum, teikningu, málun, grafík og fleiru. Tvö námskeið voru haldin í útibúi skólans í Miðbergi, fyrir 6-9 ára og 10-12 ára. Samtals voru 202 nemendur skráðir á námskeið í barna- og unglingsdeild á haustönn 2014.

Af þessum 202 nemendum voru 176 nemendur búsettir í Reykjavík. Aðrir nemendur komu frá Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Selfossi og Þorlákshöfn.

Fækkun nemenda á milli haustanna 2013 og 2014 ræðst af því að ákveðið var að fara af stað með færri 6-9 ára námskeið um helgar en árið áður og einu færra námskeiði í 4-5 ára aldursflokknum. Skólinn fær greiddan styrk frá skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar fyrir 152 börnum með lögheimili í Reykjavík á hvorri önn (140 nemendur á Hringbraut og 12 í Miðbergi) og getur því miður ekki bætt við námskeiðum í yngstu tveimur aldurshópnum (4-5 ára og 6-9 ára) þrátt fyrir mikla eftirspurn nema til komi aukin fjárveiting.

Samtals voru 37 börn á biðlista eftir lausu plássi á námskeið í barna- og unglingsdeild á haustönn 2014.

Fyrsti kennsludagur haustannar var föstudagurinn 12. september og sá síðasti þriðjudagurinn 16. desember. Vetrarleyfi var á sama tíma og í grunnskólum í Reykjavík, dagana 17. -21. október. Öll námskeið á haustönn voru 13 vikur á lengd nema námskeið fyrir 13-16 ára í vörubönnun og leir sem var 10 vikur þar sem ákveðið var að kenna lengur í þau skipti sem nemendur voru að gera gifsmót og afsteypur til að tíminn nýttist betur.



Kennarar við barna- og unglingsdeild á haustönn voru: **Anna Hallin, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, J.B.K. Ransú, Kari Ósk Grétudóttir, Margrét H. Blöndal, Margrét M. Norðdahl, Sigríður Helga Hauksdóttir, Sigurlína Osuala, Þorbjörg Þorvaldsdóttir** og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir.

Samstarf við leikskóla

Um vorið 2013 voru leikskólarnir **Rauðaborg** og **Grandaborg** valdir úr hópi umsækjenda til að taka þátt í samstarfi leikskóla í Reykjavík við Myndlistaskólann. Börnin heimsóttu Myndlistaskólann sem fyrr í sjö barna hópum með kennurum sínum og kom hver hópur í 5 skipti samtals. Tuttugu og átta börn tóku þátt frá hvorum leikskóla yfir allt skólaárið eða samtals fimmtíu og sex börn.

Á vorönninni voru síðan haldin dagslög endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk leikskólanna tveggja sem eru liður í samstarfsverkefninu. Starfsfólk Rauðaborgar kom á starfsdegi sínum föstudaginn 3. janúar og starfsfólk Grandaborgar á starfsdegi sínum föstudaginn 21. febrúar, þegar vetrarleyfi var í Myndlistaskólanum. Alls sóttu 37 starfsmenn þátttökuleikskólanna endurmenntunardagana.

Elsa Dórothea Gísladóttir og **Guðrún Vera Hjartardóttir** sáu um kennsluna í leikskólasamstarfinu eins og undarfarin ár. Sem fyrr var mikil ánægja með samstarfið, eins og svör við kennslumati á endurmenntunarnámskeiðum sýndu t.d. glögglega.

Því miður fékkst ekki fjármagn til að fara af stað með samstarf við leikskóla borgarinnar skólaárið 2014-15. Unnið er að því að tryggja aftur fjármagn til verkefnis enda mikil eftirsjá að því. Fengist hafði þróunarstýrkur frá skóla- og frístundaráði fyrir þróun námsefnis, heimsóknum umsjónarmanna samstarfsins í þátttökuleikskóla og endurmenntunardegi fyrir starfsfólk úr fyrri þátttökuskólum og hófst vinna við þessi verkefni á haustönn 2014.



Sýningin Teiknibókin lifnar við var haldin á Torgi í Þjóðminjasafni Íslands 12.apríl – 4. maí. Nemendur Ína Salóme Hallgrímsdóttur sýndu stórar vatnslitamyndir sem unnar voru af öllum hópnum.

NEMENDASÝNINGAR OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Listasmiðjur í Gerðarsafni

11. og 18. janúar fóru fram tvær listasmiðjur fyrir 8-12 ára börn í umsjón kennara Myndlistaskólans í **Gerðarsafni**, Kópavogi. Listasmiðjurnar voru settar upp í tengslum við sýninguna *Íslenska teiknibókin – 350 ára afmæli Árna Magnússonar* sem þá stóð yfir í safninu. Í nóvember 2014 var boðið upp á tvær smiðjur en í janúar var annars vegar haldin smiðjan *Fyrirmyndarsögur* í umsjón **Bjarna Hinrikssonar** og **Ingu Maríu Brynjarsdóttur** og hinsvegar smiðjan *Ufsagrýlur, drekar og aðrar óvættir* í umsjón **Guðrúnar Veru Hjartardóttur** og **Kari Óskar Grétudóttur**. **Nemendasýning á opnu húsi**

Opið hús var **Sumardaginn fyrsta** fimmtudaginn 24. apríl frá kl.13.00-17.00. Sama dag var opnuð sýning átta nemenda sem var hluti af **List án landamæra**. Jafnframt voru sýnd verk eftir alla nemendur í námskeiðaskóla og við barna og unglingsdeild, um 600 nemendur á aldrinum 4-85 ára. Haldin voru klukkustundarlöng örnámskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og fylgdarmenn þeirra í þrívíddarforritum og þrívíddarþrentun, undir handleiðslu Baldurs Björnssonar, og í Camera Obscura og undrum ljósmyndatækninnar undir handleiðslu Erlu Stefánsdóttur og Vigfúsar Birgissonar

Teiknibókin lifnar við – sýning nemenda við barnadeild í Þjóðminjasafni

Laugardaginn 12. apríl var opnuð sýningin *Teiknibókin lifnar*



við á Torgi í Þjóðminjasafni Íslands, en sýningin var framlag Myndlistaskólans til Barnamenningarhátíðar í Reykjavík 2014. Á sýningunni mátti sjá verk eftir 4-12 ára gamla nemendur við skólann sem unnin voru út frá Íslensku teiknibókinni, næstum 700 ára gömlu handriti úr safni Árna Magnússonar. Myndlistaskólinn hafði fengið lánaða eftirgerð af handritinu og stækkað myndir úr því sem settar voru upp í andyri skólans. Þannig gafst tækifæri til að skoða bókina vandlega með börnunum og velta fyrir sér viðfangsefnum, aðferðum og því hvernig teiknarar sögðu sögur með myndum á miðöldum. Hver hópur vann síðan út frá bókinni með sínum hætti. Teikningar handritsins lifnuðu þannig bókstaflega við í meðförum nemenda; breyttust í þrívíddarskúlptúra, skuggateikningar, leirstyttur, grafíkverk, hreyfimyndir og fleira. Sýningin stóð til 4. maí og vakti mikla athygli safngesta.

Pólsk-íslensk hreyfimyndasmiðja fyrir blind, sjónskert og sjáandi börn og ungmenni

Dagana 17. – 21. nóvember var haldið 5 daga námskeið í hreyfimyndagerð í Myndlistaskólanum í Reykjavík fyrir börn og ungmenni á aldrinum 8-18 ára. Námskeiðið var ætlað blindum, sjónskertum og sjáandi börnum, íslensku- og/eða pólskumælandi. Námskeiðið var haldið í samstarfi við **Centrum Kultury Wroclaw Zachod** menningarmiðstöðina í Wrocław með styrk frá Þróunarsjóði EFTA. Kvikmyndaleikstjórnirinn og kennarinn **Aniela Lubieniecka** kom sérstaklega frá Póllandi til að kenna námskeiðið en hún hefur sérhæft sig í að kenna blindum og sjónskertum börnum hreyfimyndagerð. Að auki kenndu **Elsa**

Dóróthea Gísladóttir og **Margrét M. Norðdahl** á námskeiðinu með Anielu. Skráning fór fram í samstarfi við **Blindrafélag Íslands** og verkefnisstjóra frá pólsku menningarmiðstöðinni en fjögur sjónskert börn skráðu sig, fjögur börn af pólskum uppruna og fjögur börn sem skráðu voru á önnur námskeið hjá Myndlistaskólanum um haustið.

Klippt teiknað málað mótað

– sýning í safnaðarheimili Neskirkju

Fyrsta sunnudag aðventu, 30. nóvember, var opnuð sýning á verkefnum nemenda við Myndlistaskólann í Reykjavík í safnaðar-

heimili Neskirkju. Nemendahópurinn sem tók þátt í sýningunni *Klippt teiknað málað mótað* var á öllum aldri. Yngstu þátttakendurnir voru nemendur Ínu Salóme Hallgrímsdóttur og **Brynhildar Þorgeirsdóttur** sem fjölluðu um heim fuglanna. 13-16 ára nemendur í teikningu hjá **Hildigunni Birgisdóttur** sýndu innhverfar teikningar sem unnar voru í framhaldi af umræðum um sjálfið. Að auki sýndu fullorðnir nemendur **Hlífur Ásgrímsdóttur** vatnslitaverk sín og **Guðmundur Stefán Guðmundsson**, sem hefur sótt námskeið hjá **Kristni Guðbrandi Harðarsyni, Margréti M. Norðdahl** og **Gerði Leifsdóttur** sýndi einnig myndir unnar með vatnslit. Sýningin stóð til 2. febrúar 2015.



Verk 13-16 ára nemenda Hildigunnar Birgisdóttur og 6-9 ára nemenda Brynhildar Þorgeirsdóttur og Ínu Salóme Hallgrímsdóttur á sýningunni *Klippt teiknað málað mótað*.




ALMENN NÁMSKEIÐ

ALMENN NÁMSKEIÐ Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Námskeið á vorönn

Á vorönn 2014 fóru af stað 25 hópar á almennum námskeiðum á framhaldsskólastigi, á kvöld- og morguntímum. Að vanda voru haldin námskeiðin teikning 1 og 2, módelteikning og módelteikning framhald, málnun 1 og 2, málnun framhald, frjáls málnun, leirkerarennsla, leirmótun og rennsla, vatnslitun, form-rými-hönnun og litaskynjun. Á þessari önn var einnig haldið námskeiðið teikning 3 líkt og síðustu vorannir. 2 ný námskeið fóru af stað, annars vegar í silkiprykki og hins vegar í gifsómótagerð og einnig fór af stað 10 vikna námskeið í listasögu líkt og á haustönn 2013.

Tafla 1	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Teikning	8	92
Módelteikning	3	30
Málnun	4	39
Leirmótun og rennsla	3	37
Vatnslitun	2	25
Litaskynjun	1	8
Form rými hönnun	1	10
Gifsmótagerð	1	11
Silkiprykk	1	9
Listasaga	1	25
Samtals	25	286



Tveir hópar fóru af stað í Grundvallaratriðum í keramikki fyrir nemendur **Tækniskólans** sem samtals 19 nemendur sóttu. Með Grundvallaratriðunum voru því haldin 27 námskeið samtals á vorönn sem 305 nemendur sóttu. Eins og sjá má á línuritinu hér fyrir neðan er það tvöföldun á nemendafjölda frá síðustu vorönn.

Fyrsti kennsludagur vorannar var fimmtudagurinn 16. janúar og sá síðasti fimmtudagurinn 8. maí. Páskafrí var frá og með föstudeginum 11. apríl og til og með miðvikudagsins 23. apríl.

Kennarar á vorönn voru: **Anna Cynthia Leplar, Anna Hallin, Daði Guðbjörnsson, Einar Garibaldi Eiríksson, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðjón Ketilsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Kristín Reynisdóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, J.B.K. Ransú, Margrét H. Blöndal, Sigurlína Osuala, Sigríður Melrós Ólafsdóttir, Stephen**

Lárus Stephen, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Þorri Hringsson og Þóra Sigurðardóttir.

Námskeið á haustönn

Á haustönn fór samtals af stað 21 hópur á almennum námskeiðum á framhaldsskólastigi, í kvöld- og morguntímum. Að vanda voru haldin námskeiðin teikning 1 og 2, módelteikning og módelteikning framhald, málnun 1 og 2, málnun framhald og frjáls málnun, vatnslitun, leirkerarennsla, leirmótun og rennsla og litaskynjun. Í fyrsta skipti í sögu skólans var farið af stað með morguntíma í leirkerarennslu, þar sem rennslurými skólans var ekki í notkun á morgnana þetta haustið. Það námskeið var fullbókað líkt og önnur keramiknámskeið hafa verið undanfarin ár. Haldið var áfram að bjóða upp á kvöldnámskeið í listasögu og var ákveðið að taka fyrir íslenska listasögu að þessu sinni. Kenndi **Anna Jóa** námskeiðið *Íslensk listasaga – Fjöllin, fólkíð og „ismarnir“* þar sem rýnt var í sögu myndlistar á Íslandi frá 1860-1960. Hugmyndavinnunámskeiðið *Gróðurhús hugmyndanna* var endurvakið en þar fóru **Bjarki Bragason, Hildigunnur Birgisdóttir** og **Rúna Thors** í hugmynda- og skissuvinnu frá ólíkum hlíðum. Það námskeið stóð nemendum einnig til boða sem hluti af undirbúningsnámi í sjónlistum í kvöldskóla, en nemendur sem skráðu sig á þrjú námskeið, *Gróðurhús hugmyndanna, Teikningu 1* og *Litaskynjun* á haustönninni fengu 30% afslætt af skólagjöldum.

Einn hópur sótti námskeiðið *Grundvallaratriðum í keramikki* fyrir nemendur Tækniskólans. Prettán nemendur sóttu námskeiðið sem **Guðný M. Magnúsdóttir** hafði sem fyrr umsjón með en Ólöf Erla Bjarnadóttir kenndi rennsluhluta námskeiðsins. Með Grundvallaratriðunum voru því haldin 22 námskeið samtals á haustönn sem 230 nemendur sóttu.

Fyrsti kennsludagur haustannar var miðvikudagurinn 10. september og sá síðasti þriðjudagurinn 16. desember.

Kennarar á haustönn voru: **Anna Cynthia Leplar, Anna Hallin, Anna Jóa, Bjarki Bragason, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Jón B.K. Ransú, Margrét H. Blöndal, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Rúna Thors, Sigríður Melrós Ólafsdóttir, Sigtryggur B. Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir** og Þorri Hringsson.

Nemendasýning á opnu húsi

Sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 24. apríl, var haldið **Opið hús** í Myndlistaskólanum frá kl.13.00-17.00. Þar sýndu allir nemendur á námskeiðum vorannar verk sín, bæði nemendur á almennum námskeiðum og nemendur við barna- og unglingsdeild, eða um 600 nemendur á aldrinum 4-85 ára. Um leið var opnuð sýning átta nemenda í anddyri skólans sem var hluti af hinni árlegu hátíð **List án landamæra**. Fjölmargir gestir lögðu leið sína í skólann af þessu tilefni og skoðuðu fjölbreytt verk nemenda.

Tafla 2	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Teikning	6	64
Módelteikning	2	20
Málun	4	29
Leirmótun og rennsla	4	44
Vatnslitun	2	20
Litaskynjun	1	10
Gróðurhús hugmyndanna	1	11
Listasaga	1	18
Samtals	21	216



Klippt teiknað málað mótað – sýning í safnaðarheimili Neskirkju

Nemendur í vatnslitahóp **Hlífur Ásgrímsdóttir** tóku þátt í sýningunni *Klippt teiknað málað mótað* sem opnuð var í safnaðarheimili Neskirkju 30.11.14-02.02.15. Einnig sýndi **Guðmundur Stefán Guðmundsson** verk sem unnin vorum eð vatnslit, en hann hefur sótt námskeið sem unnin eru í samvinnu við **Fjölmennt** og þau **Kristinn Guðbrandur Harðarson, Margrét M. Norðdahl** og **Gerður Leifsdóttir** hafa umsjón með.

Ýmis verkefni sem unnin voru á námskeiðunum Teikning 2, Teikning 3 og Málun 2 á árinu.



SJÓNLISTADEILD

VORÖNN

Inga Þórey Jóhannsdóttir sneri aftur til starfa sem deildarstjóri eftir árs leyfi. **Áslaug Thorlacius** sem leysti Ingu af árið 2013 kom aftur til starfa í apríl og tók m.a. að sér að undirbúa útskrift.

Sjónlistadeild 1

Sextán nemendur hófu nám á vorönn, tólf héldu áfram frá haustönn, tveir komu aftur eftir árshlé og tveir nýir nemendur voru teknir inn í hópinn. Nýju nemendurnir voru teknir inn á þeirri forsendu að þeir hefðu í listnámi við aðra skóla lokið grunnáföngum sambærilegum við þá verklegu áfanga skólans sem kenndir voru á haustönn. Báðir nemendurnir sem komu aftur eftir árs hlé hættu fljótlega og annar nýju nemendanna féll á mætingu. Prettán nemendur luku önninni.

Sjónlistadeild 2

Tólf nemendur hófu nám á vorönn, þar af voru tveir sem náðu ekki að ljúka stúdentsprófi ári fyrir. Einn hætti um miðja önn vegna veikinda. Átta nemendur útskrifuðust með stúdentspróf frá skólanum en þrjár luku önninni án þess að fá stúdentspróf og komust þrátt fyrir það áfram í nám á næsta skólastigi.

Sjónlistadeild 3 Þrjátíu og þrjár nemendur hófu nám á vorönn. Sex þeirra höfðu verið með sjónlistadeild 2 á haustönn. Tveir nemendur hættu námi á önninni. Þrjátíu og einn nemandi útskrifaðist úr fornámi um vorið.

Alls hófu sextíu og einn nemandi nám við deildina í janúar en þegar skólaárinu lauk voru fimmtíu og sex í hópnum, að meðtöldum þessum eina sem féll.

ÁFANGAR OG KENningar Á VORÖNN

Sjónlistadeild 1

Íslenska 2, áfangi sem snýst um lestur ólíkra bókmennta, **Sigurros Eidsdóttir** kennari við Kvinnaskólann í Reykjavík.
Enska 2, áfangi um bókmenntir sem tengjast listasögu og sjónlistum, **Louise Harris**.
Listasaga 2, áfangi sem fjallar um tímabilið frá forsögulegum tíma fram að háendurreisn, **Einar Garibaldi Eiríksson**
Listheimspeki-menningarläsi 2 (kvikmyndafræði), kennari **Oddný Sen**. Nemendur fóru vikulega í **Bíó Paradís** og horfðu á kvikmynd og fengu um hana fyrirlestur. Nemendur skiluðu tveimur skriflegum verkefnum um valdar kvikmyndir.
Módelteikning 2, teikning með áherslu á anatómíu fyrir teiknara, **Margrét H Blöndal**. **Ólöf Ingólfssdóttir** dansari kom í heimsókn.
Margmiðlun 2, **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson** (stafræn ljósmyndun og filma) og **Dodda Maggý** (myndvinnsla og uppsetning texta og myndefnis í tölvu).
Stærðfræði 1, geometrísk form og mynstur, **Anna Hrund Másdóttir**. **Grétar Amazeen** kynnti kleinuhringjakeninguna og

fraktala. **Einar Þorsteinn Ásgeirsson** hélt fyrirlestur um fjölfliötunga og fimmfalda samhverfu.

Teikning 2, myndgreining, **Elsa Gísladóttir** og **Sara Riel**. Nemendur leystu ýmis hefðbundin teikniverkefni en fengu frjálsari hendur eftir því sem leið á áfangann.

Verkstæði 1, **Jón BK Ransu** kenndi málun í tvívíðri vinnu, **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** og **Rebecca Moran** lögðu áherslu á vídeó og „green screen“ í tímategndri vinnu og **Anna Hallin** leiðbeindi nemendum við þrívíða vinnu.

Heilsurækt 1, jóga, **Ásta Arnardóttir**

26. apríl opnuðu nemendur í sjónlistadeild 1 sýningu í **Gallerí Tukt** og sýndu málverk og vídeó sem þau unnu í áfanganum **Verkstæði 1**.

Sjónlistadeild 2 (fyrstu 3 vikur janúar)

Margmiðlun 3, valáfangi en nemendur velja sér miðil og vinna sjálfstætt verkefni, **Erla Stefánsdóttir** (ljósmyndun) og **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** (tölva)
Listheimspeki og menningarläsi 4, skynjun, **Haraldur Jónsson**. **Árni Kristjánsson** sálfræðingur, **Guðrún Narfadóttir**, líffræðingur og **Rósa Steinsdóttir** listmeðferðarfræðingur héldu fyrirlestra. Nemendur gerðu ýmsar æfingar og skiluðu hugmynd að verki

Sjónlistadeild 3 (fyrstu 3 vikur janúar)

Módelteikning 2, **Sigurlína Osuala** kenndi mótun eftir módeli, **Þórunn Árnadóttir** vann hönnunarmiðuð verkefni útfra mannslíkamanum ásamt nemendum og **Þorbjörg Þorvaldsdóttir** kenndi teikningu með áherslu á anatómíu fyrir teiknara. **Ólöf Ingólfssdóttir** dansari kom í heimsókn og talaði um líkamann í rými.

Frá og með 27. janúar fylgdu sjónlistadeild 2 og 3 sama prógrammi að frátöldum áföngunum Heilsurækt 1, jóga og Íslenska 4 sem voru eingöngu fyrir nemendur í sjónlist 2.

Skapandi starfsumhverfi 3, möppugerð, **Bjarki Bragason** og **Louise Harris**.

Listasaga 4, tvískiptur áfangi. Annars vegar kenndi **Halldóra Arnardóttir** hönnunarsögu í tveggja vikna lotu. Vegna stærðar hópsins ákvað Halldóra að láta nemendur vinna saman í minni hópum. Fyrst og fremst var fjallað um íslenska hönnun í samhengi við alþjóðlega hönnun á 20.öld. Kennari útdeildi lesefni og vísaði á vefsíður en nemendur skiluðu verkefnum í formi stuttra fyrirlestra og settu verkefni inná sameiginlega vefsíðu. **Pétur B Lúthersson** hélt fyrirlestur um eigin feril. Nemendur skoðuðu **Þjóðarboðkljóðu** með leiðsögn arkitektsins **Manfreðs Vilhjálmssonar**. Hinsvegar kenndi **Anna Jóa Jóhannsdóttir** íslenska listasögu. Nemendur lásu valda kafla úr bókardóinni **Íslensk listasaga** auk þess að lesa valdar greinar eftir ýmsa fræðimenn.

Teikning 4, rými / hönnun. Í áfanganum er lögð rík áhersla á tilraunakennda vinnu, **Eygló Harðardóttir**, **Elsa Gísladóttir** og **Guja Dögg Hauksdóttir**. Gestafyrirlesarar **Ingólfur Arnarson** og **Páll Ívan frá Eiðum**.

Verkstæði 2, **Sólveig Aðalsteinsdóttir**, **Sigríður Melrós Ólafsdóttir**, **Helga Pálína Brynjólfssdóttir**, **Anna Hallin** og **Kolbeinn Hugi Höskuldsson**. Verkstæði 2 er í rauninni þrjú áfangar, kenndir samtímis og hver um sig þrisvar. Sjónlistadeild 2 og 3 var skipt í þrennt og fóru hóparnir í hringekju í hvern áfanga af öðrum. Áhersla er á mismunandi þætti, flötinn, rýmið og tímann. Sólveig lagði áherslu á ýmsar einfaldar grafískar aðferðir s.s. silverpoint, þurrnál og dúkristu. Sigríður Melrós kenndi málun og Helga Pálína silkiprykk. Nemendur heimsóttu yfirlitssýningu **Magnúsar Kjartanssonar** í Listasafni Íslands og skoðuðu sýningu á prentverkum eftir **Dieter Roth** í Hafnarborg. Anna Hallin kenndi þrívítt verkstæði og lagði áherslu á aðferðir við mótagerð og afsteypu. Nemendur heimsóttu **Málmsteypuna Hellu** og sýningu **Ragnhildar Stefánsdóttur** í húsnæði Marel í Hafnarfirði. Kolbeinn Hugi lagði aðaláherslu á vídeó og hreyfimyndir í tímatengdu verkstæði.

Verkstæði 3, lokaverk, **Bjarki Bragason**, **Guja Dögg** og **Finnur Arnar**. **Berglind Jóna Hlynsdóttir** var gestur í yfirferð. **Godður** kom í heimsókn með fyrirlestur þar sem hann teiknaði upp mynd af þróunarferli hugmynda og kynnti eigin verk. Ennfremur heimsóttu nemendur **Nýló** og skoðuðu sýningu **Hreins Friðfinnssonar**. Þar

Verkefni eftir nemendur í sjónlistadeild unnin í áföngunum verkstæði 2, málun, verkstæði 3, lokaverk, módelteikningu 3 og teikningu 4.



hittu þau **Ragnheiði Gestsdóttur** og **Markús Þór Andrésson** sem spjölluðu við þau um mynd sína **Æ ofaní æ** sem fjallar um list Hreins.

Samhliða verkstæði 3 voru nemendur í sjónlistadeild 2 í **Íslensku 4** - greinargerð með lokaverki hjá **Áslaugu Thorlacius**. Nemendur í sjónlistadeild 2 tóku ennfremur áfangann **Heilsurækt 1**, jóga, **Ásta Arnardóttir** kenndi vikulega alla önnina.

Útskriftarsýning sjónlistadeildar var haldin í húsnæði skólans dagana 15. - 18. maí. Þar sýndu nemendur í sjónlistadeild 2 og 3 verk sem þau unnu í áfanganum Verkstæði 3.

Við athöfn sem fram fór í **Norræna húsinu** þriðjudaginn 27. maí voru þrjátíu og níu nemendur brautskráðir frá skólanum, átta nýstúdentar og þrjátíu og einn nemandi úr eins árs undirbúningsnámi (sjá lista yfir brautskráða nemendur á bls. 34)

Inntökupróf fyrir skólaárið 2014-15 var haldið laugardaginn 24. maí. Auk þess voru haldin 2 sjúkrapróf. **Bjarki Bragason** og **Elsa D. Gísladóttir** sáu um inntökuférlíð líkt og undanfarin ár en **Eygló Harðardóttir** og **Anna Sigurðardóttir** aðstoðuðu.



Inntökuprófið fólst í verkefnum sem lögð voru fyrir til að kanna færni, áhuga og listræna hæfileika umsækjenda. Auk þess var ítarlega farið yfir forsendur fyrir umsókn hvers og eins og gögn um fyrri skólagöngu. Prófverkefni voru 4: **teikning-tenging** þar sem þátttakendur gátu valið tvo ólíka hluti til að teikna og tengja saman, **teikning og litameðferð**, **uppstilling** og **frjálst verkefni út frá kveikju** sem að þessu sinni voru orð og hljóðbrot. Prófið tók 8 klst með hléum og gekk vel fyrir sig. Áttatíu og níu umsóknir bárust en sjötíu og átta umsækjendur þreyttu inntökupróf. 7. júní fengu umsækjendur skriflegt svar. Þrjátíu og sex var boðið pláss í eins árs námi og sex umsækjendum um árs nám var boðið pláss með nemendum á 2. ári. Átta fengu höfnun í árs nám en fimm voru á biðlista. Átján umsækjendum var boðin skólavist á fyrri ári af tveimur. Í þeim hópi fékk einn nemandi annað tækifæri en viðkomandi kom inn í deildina um áramót og féll á vorönn. Sex umsóknum var hafnað. Allir fengu skriflegar rökfærslur fyrir höfnun.

HAUSTÖNN

Inga Þórey Jóhannsdóttir var deildarstjóri í 100% starfi

Sjónlistadeild 1

Nítján nemendur hófu nám. Fjórir hættu áður en önninni lauk. Einn bættist við í desember en hann hefur lokið listnámi við annan skóla sem meta má jafngilt verklegum áföngum fyrstu annar. Það voru því sextán nemendur sem fóru í jólafrí í desember.

Sjónlistadeild 2 Tólf nemendur héldu áfram frá fyrri ári en einn hætti um miðja önn. Sex nemendur sem sóttu um í sjónlist 3 var boðið að fylgja sjónlistadeild 2 fram að jólum (sjónlistadeild 2b). Því hófu átján nemendur nám í sjónlistadeild 2 um haustið en sautján luku önninni.

Sjónlistadeild 3

Þrjátíu og sex nemendur hófu nám um haustið. Þrjátíu og fjórir luku önninni en tveir hættu á miðri önn. Alls hófu sjötíu og þrjú nemendur nám við sjónlistadeild á haustönn og af þeim luku sextíu og sjö önninni.

Skólinn var settur föstudaginn 22. ágúst kl. 13.00. Setningin fór fram í módelstofu en þegar skólastjóri hafði boðið nemendur velkomna til starfa, kynnt starfsmenn skólans og sagt frá helstu umgengnisreglum fór deildarstjóri sjónlistadeildar með sinn hóp inn í sína deild. Eftir stuttan fund með deildarstjóra fóru nýir nemendur í smærri hópum um skólann og kynntust húsinu og nutu leiðsagnar eldri nemenda. Deildarstjóri sýndi nemendum hvernig google er notað í skólanum og dreifði upplýsingum um það sem nemendum var ætlað að kaupa o.þ.h. Kennsla hófst síðan af fullum krafti mánudaginn 25. ágúst.

23. október var opin dagur. Full kennsla var í sjónlistadeild en milli 10.00 og 15.00 kom mikill fjöldi áhugasamra gesta að kynna sér námið.

Áfangar og kennarar á haustönn

Eins og undanfarin ár voru sjónlistadeild 1 og 3 að miklu leyti í sömu áföngum á haustönn. Að þessu sinni var hópunum þó haldið aðskildum nema hvað þeim var blandað saman í áföngunum Formfræði 1, Formfræði 2 og Litafræði 1.

Sjónlistadeild 1

Íslenska 1, skapandi skrif, **Haraldur Jónsson**. Áhersla er lögð á leik og frelsi. Áfanganum lauk með því að nemendur heimsóttu **Hjúkrunarheimilið Grund** þar sem þau lásu fyrir heimilisfólk. Sérstakur gestur var **Pétur Gunnarsson** rithöfundur.

Teikning 1, fjarvídd, **Kari Ósk Grétudóttir** og **Karlotta Blöndal**. **Margrét Bjarnadóttir** dansari hélt fyrirlestur um teikningu. **Módelteikning 1**, hlutföll og mælingar, **Þorbjörg Þorvaldsdóttir**, **Þorri Hringsson** og **Cindy Leplar**. Cindy notaði ekki lifandi módel en kenndi þess í stað útfra teikningum eldri meistara í módelteikningu.

Formfræði 1, form og hlutföll á tvívíðum fleti, **Guja Dögg Hauksdóttir**, **Hildigunnur Birgisdóttir** og **Unnar Örn Auðarson**. Guja Dögg hélt fyrirlestur um formfræði og byggingarlist.

Formfræði 2, þrívíð myndgerð, **Finnur Arnar Arnarson**, **Guja Dögg Hauksdóttir** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir**.

Litafræði 1, litablöndun, **Jón BK Ransu**, **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og Þórunn María Jónsdóttir.

Enska 1, málnotkun og orðaforði, **Louise Harris**.

Listasaga 1, inngangsáfangi í listasögu sem fjallar um hugtök listfræðinnar og helstu viðfangsefni myndlistarinnar, **Shauna Laurel Jones**.

Listheimspeki og menningarläsi 1, **Jón BK Ransu** kenndi fagurfræði og ritun. **Oodny Sen** kenndi kvikmyndafræði en sá hluti áfangans er kenndur í samstarfi við **Bíó Paradís**.

Margmiðlun 1, ljósmyndun, **Erla Stefánsdóttir** og **Vígús Birgisson**.

Heilsurækt 2, jóga: **Ásta Arnardóttir**.

Sjónlistadeild 2

Margmiðlun 2, hljóð og mynd: **Curver Thoroddsen** og **Ragnheiður Gestsdóttir**. Áfanginn var kenndur í samstarfi við **Centrum Kultury Wroclaw Zachod** en verkefnið var hluti af öðru stærra sem ber yfirskriftina **Iceland and Poland Against Exclusion from Culture** sem er styrkt af **Þróunarsjóði EFTA** (sem nú heitir Uppbyggingarsjóður EES) en að því verkefni koma auk pólsku menningarmiðstöðvarinnar **Gaflaraleikhúsið** í Hafnarfirði og **Bíó Paradís**. Verkefnið miðar að því að gefa fólki með skerta sjón tækifæri til að njóta fjölbreyttra sjónlista, m.a. fyrir tilstilli sjónlýsinga.

Ragnheiður kenndi fyrsta hluta áfangans í fyrstu viku annar og lagði áherslu á handritsgerð í kvikmyndavinnu. Vikuna 17. - 21. nóvember kom hópur frá Póllandi, blindir, sjónskertir og sjáandi nemendur til Reykjavíkur, ásamt tveimur kvikmyndaleiðbeinendum frá Póllandi, þeim **Jacek Chamot** og **Dominik Matwiejczyk**. Pólskir og íslenskir nemendur unnu saman í 4 hópum, og hafði hver hópur sinn leiðbeinanda. Vikan fór að mestu í tókur. 1. - 7. desember voru tólf nemendur úr sjónlistadeild 2 í Wroclaw þar sem fyrst og fremst var unnið við klippingu og frágang myndanna. Myndirnar 4 verða sýndar í **Bíó Paradís** í aprílmánuði, með sjónlýsingu og verður sýningin kynnt sérstaklega meðal blindra og sjónskertra og pólskumælandi Íslendinga.

Teikning 3, tilraunastofa, **Margrét H Blöndal** og **Haraldur Jónsson**.

Módel 3, rými / gjörningur, **Jóni Jónsdóttir** kenndi gjörning, **Brynhildur Þorgeirsdóttir** skúlptúr og **Elsa D Gísladóttir** teikningu. Í áfanganum er lögð áhersla á að beita frjálsum og

tilraunakenndum vinnubrögðum með mannslíkamann sem viðmið.

Starfsumhverfi 1, skólaumhverfi og gagnagerð, **Bjarki Bragason** og **Hildigunnur Birgisdóttir**. **Berglind Jóna Hlynsdóttir** myndlistarmaður, **Sigga Björg Sigurðardóttir**, myndlistarmaður, **Rúna Thors**, hönnuður og **Eygló Margrét Lárusdóttir** hönnuður heimsóttu hópinn og sögðu frá sínu starfi. Nemendur heimsóttu fyrirtæki og stofnanir, m.a. **Tark** arkitekta, **CCP** og **umhverfis- og skipulagssvið** Reykjavíkurborgar þar sem **Hildur Gunnlaugsdóttir** arkitekt tók á móti þeim.

Starfsumhverfi 2, bókagerð, **Guðrún Benónýsdóttir** og **Louise Harris**, möppugerð.

Litafræði 2, þrívídd, rými, **Jón BK Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Pórunn María Jónsdóttir**.

Íslenska 3, samtímabókmenntir, heimildarritgerð, **Ásdís Arnalds** kennari við Kvennaskólann í Reykjavík.

Enska 2, áfangi um bókmenntir sem tengjast listasögu og sjónlistum, **Louise Harris**.

Listasaga 3, frá endurreisn til loka 19. aldar, **Shauna Laurel Jones**.

Listheimspeki og menningarläsi 3, **Bjarki Bragason** og **Hildigunnur Birgisdóttir** en í áfanganum var áhersla lögð á að skoða sýningar og heimsækja vinnustofur, rýna í og ræða um myndlist og hönnun.

Sjónlistadeild 2b (sex lengra komnir nemendur í eins árs námi) voru í flestum sömu áföngum og sjónlistadeild 2. Þó voru þau hvorki í íslensku né ensku og ekki í pólska verkefninu. Á meðan á því stóð voru þau í margmiðlun. Fyrstu viku annarinnar voru þau í margmiðlun 1 (ljósmyndun) hjá **Vigfúsi Birgissyni** og **Erlu**

Frá lokasýningu í Myndlistaskólanum. Lokaverkefni eftir nemendur í sjónlistadeild.



Stefánsdóttur. Vikuna 17. - 21. nóvember fengu þau síðari hluta áfangans hjá bandarískum ljósmyndara, **Ellyn Norris**. Í desember voru þau í styttri útgáfu áfangans margmiðlun 2, hljóð og mynd hjá **Kolbeini Huga Höskuldssyni**.

Sjónlistadeild 3

Teikning 1, fjarvídd, **Elsa D Gísladóttir** og **Eygló Harðardóttir**.

Margrét Bjarnadóttir dansari hélt fyrirlestur um teikningu.

Módelteikning 1, hlutföll og mælingar, **Porbjörg Porvaldsdóttir**, **Porri Hringsson**, **Cindy Leplar** og **Guðrún Vera Hjartardóttir**.

Cindy notaði ekki lifandi módel en kenndi þess í stað útfra teikningum eldri meistara í módelteikningu.

Margmiðlun 1, ljósmyndun, **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson**. **Einar Falur Ingólfsson** ljósmyndari hélt fyrirlestur.

Margmiðlun 2, myndvinnsla og uppsetning texta og efnis í tölvu, **Dodda Maggý**.

Listheimspeki og menningarläsi, **Bjarki Bragason** og **Hildigunnur Birgisdóttir**. Nemendur fóru nánast vikulega í heimsókn á sýningar eða söfn og unnu í framhaldi ýmis verkefni eða spjölluðu saman.

Starfsumhverfi 1, skólaumhverfi og gagnagerð, **Bjarki Bragason** og **Hildigunnur Birgisdóttir**. **Brynhildur Pálsdóttir** hönnuður, **Eygló Margrét Lárusdóttir** fatahönnuður og **Sigga Björg Sigurðardóttir** myndlistarmaður kynntu sín verk, nemendur heimsóttu fyrirtæki og stofnanir, m.a. **Tark** arkitekta, **CCP** og **umhverfis- og skipulagssvið** Reykjavíkurborgar þar sem **Hildur Gunnlaugsdóttir** arkitekt tók á móti þeim.

Starfsumhverfi 2, bókagerð, **Sigrún Sigvaldadóttir**.

Formfræði 1, form og hlutföll á tvívíðum fleti **Guja Dögg Hauksdóttir**, **Hildigunnur Birgisdóttir** og **Unnar Örn Auðarson**.

Guja Dögg hélt fyrirlestur um formfræði og byggingarlist.

Formfræði 2, þrívíð myndgerð, **Finnur Arnar Arnarson**, **Guja Dögg Hauksdóttir** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir**.

Litafræði 1, litablöndun, **Jón BK Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Pórunn María Jónsdóttir**.

Litafræði 2, þrívídd, rými, **Jón BK Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Pórunn María Jónsdóttir**.

Listasaga 1, **Shauna Laurel Jones**. Áfanginn var tveggja eininga eða helmingi minni en áfangar í listasögu til stúdentsprófs. Kennslan byggðist að mestu á fyrirlesturum.

Síðasti kennsludagur fyrir jólafrí í sjónlistadeild var föstudagur 19. desember.

Ljósmyndaáfangi í Myndlistaskólanum.

Hópur nemenda ásamt kennara sínum, Ellyn Norris.



DIPLÓMANÁM

Við Myndlistaskólann er boðið upp á tveggja ára diplómanám í þremur deildum; mótun, teikningu og textíl.

Diplómanámið er samstarfverkefni Myndlistaskólans og **Tækniskólans - skóla atvinnulífsins**. Allt verklegt nám fer fram í Myndlistaskólanum en hluti af fræðilegu námi er í umsjón Tækniskólans.

Námið er skilgreint sem viðbótarnám á framhaldsskólastigi, á 4. þrepi samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um menntun og prófgráður en það samsvarar 5. þrepi evrópska viðmiðarammans.

Nemendur eiga þess kost að ljúka BA gráðu frá samstarfsskólum í Evrópu. Mótunardeild er í samstarfi við **Det Kongelige Danske Kunstakademí á Bornholm**, teiknideild er í samstarfi við **University of Cumbria** á Englandi og textíleild við **Heriot-Watt University** í Skotlandi.

Diplómanáminu er skipt í 4 hluta: **A, B, C og D** og tekur hver hluti eina önn. Einn hópur stundar námið á hverjum tíma en mögulegt er að hefja nám við upphaf hvers námshluta um sig. Í hverjum námshluta er unnið út frá einni grunnhugsun og hún leidd í margar ólíkar áttir. Með þessum hætti eru möguleikar efnisins skoðaðir út frá mismunandi sjónarhornum sem opna fyrir nýjar leiðir að efni og aðferðum. Tengslin við atvinnulífið og samfélagið, nær og fjær, eru skoðuð. Fræðimenn og fagfólk úr ólíkum áttum er kallað til í þeim tilgangi að gefa innsýn í umfjöllunarefnið og skapa vettvang fyrir frjóa umræðu.

Á B önn fara nemendur allra deilda í námsferð til Evrópu með styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins, Leonardo og Erasmus +. Markmiðið með þeim ferðum er margþætt en nemendur fá að kynna samstarfsskólum Myndlistaskólans sem og öðrum skólum í Evrópu sem starfrækja námsbrautir í viðkomandi fagi. Farið er í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi sviði auk þess sem nemendur skoða lista- og hönnunarsöfn og -sýningar.

Námið við diplómadeildirnar hefur sterka verklega tengingu og er mjög sérhæft. Nokkrir fræðilegir áfangar eru þó þess eðlis að þeir hæfa nemendum allra deilda.

Á vorönn kenndi **Bjarnheiður Jóhannsdóttir** nemendum allra diplómadeilda áfangann **Nýsköpun og stofnun fyrirtækja**. Áfanginn sem er kenndur í samvinnu við **Tækniskólann** miðar að því að þróa viðskiptahugmynd yfir í viðskiptatækifæri og m.a. vinna nemendur fullbúna viðskiptaáætlun. Farið er yfir grundvallaratriði þeirra þátta sem stuðla að skapandi hugsun og hagnýta þætti varðandi samvinnu og hópastarf.

Áfanginn **Saga manns og hlutar** undir stjórn **Elisabetar Ingvarsdóttur** er sömuleiðis kenndur í samvinnu við **Tækniskólann** og sækja nemendur allra diplómadeilda áfangann. Í áfanganum er samband hönnunar við heimspeki, hagfræði, mannfræði og sögu. Áfanginn var kenndur á haustönn 2014.

Í lok haustannar var haldið vikunámskeið í gerð ferilmöppu fyrir nemendur allra diplómadeilda. Leiðbeinendur voru þrír: **Vigfús Birgisson** kenndi nemendum að setja upp stúdíóljós og taka myndir af eigin verkum. **Kristín María Ingimarsdóttir** kenndi nemendum að setja myndirnar upp í ferilmöppu eða portfolio og nota til þess forritin InDesign og Illustrator. **Brynhildur Pálsdóttir** aðstoðaði nemendur við skriflega þáttinn í ferilmöppgerðinni, s.s. artist statement. Gestafyrirlesari var **Benjamin Bohn** frá **CCP** sem fjallaði um fjölbreytta möguleika og útfærslur við uppsetningu á ferilmöppum og sýndi dæmi.

Á vorsýningu diplómadeilda sem opnuð var í **Safnahúsinu** við Hverfisgötu 14. maí sýndu 37 nemendur úr öllum þremur deildum lokaverkefni sín. Sýningin stóð til 18. maí. 28. maí útskrifuðust 25 nemendur úr diplómanámi við Myndlistaskólann við hátíðlega athöfn í **Eldborgarsal Hörpu** en diplómanemar útskrifast formlega frá **Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins**.

MÓTUN - LEIR OG TENGD EFNI

- DIPLÓMANÁM

VORÖNN: D HLUTI - FRAMLEIÐSLA

D hluti skiptist í 5 áfanga: Hugmyndavinnu, Gifsmótagerð, Hönnun og framleiðslu, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Deildarstjóri: Ólöf Erla Bjarnadóttir var í árs leyfi og leysti Sigurlína Osuala hana af.

Annarstjórar voru **Sigurlína Osuala** og **Brynhildur Pálsdóttir**.

Kennarar auk þeirra voru **Jens Pfothenauer** og **Bjarnheiður Jóhannsdóttir**.

Nemendur: Engir nýir nemendur voru teknir inn á vorönn. Tólf nemendur stunduðu nám í D hluta og luku 23 einingum eða ígildi 30 ECTS eininga hver. Fjórir nemendur útskrifuðust um vorið, að loknum D hluta. Að auki útskrifuðust þá formlega tveir nemendur sem lokið höfðu námi að loknum A-hluta í lok árs 2013. Alls útskrifuðust sex nemendur úr mótun 29. maí 2014.

Tveir útskrifaðir nemendur fengu inngöngu á þriðja ár í keramikdeild

Den Kongelige Danske Kunstakademi á Bornholm. Annar nemandinn afþakkaði skólavistina og tók boði um BA nám í skartgripagerð við **Kunsthøgskolen i Oslo**.

Í D hluta er áhersla lögð á samvinnu við fyrirtæki í fjöldaframleiðslu í huga. Mikil tæknikennsla fer fram og nemendur læra að gera gifsmót fyrir framleiðslu á hlutum úr leir og postulíni. Að þessu sinni átti mótunardeildin samstarf við þýsku postulínsverksmiðjuna **KAHLA**. Viðfangsefni verkefnisins var „veitingastaður framtíðarinnar“ (*Restaurant of the future*) en útkoman átti að vera nytjahlutur úr postulíni sem gæti nýst á veitingastað framtíðarinnar og hentaði til fjöldaframleiðslu. Hannaður var ýmis borðbúnaður og áhöld úr postulíni. Hugmyndavinnan og gifsmótagerðin fór fram á verkstæðum Myndlistaskólans. **Barbara Schmidt**

yfirhönnuður KAHLA fór yfir hugmyndavinnuna og valdi svo ásamt leiðbeinendum verkefnisins eina hugmynd frá hverjum nemanda til þess að þróa í endanlega frumgerð.

Breytingar voru gerðar haustið 2013 á starfssemi deildarinnar þegar ákveðið var að hætta að kenna tveimur hópum samtímis og var því einungis einn námshluti, D hluti, kenndur á vorönn. B-hluti var ekki kenndur en í þeim hluta er farið í námsferð til útlanda með styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins (Leonardo). Deildin átti inni styrk sem varð að nýta fyrir maí 2014 og var því ákveðið að nemendur á D-önn í mótun fengju styrkinn til að fara í ferð til Danmerkur og Þýskalands. Í Danmörku var farið í heimsókn í **Den Kongelige Danske Kunstakademi í Kaupmannahöfn** ásamt því að farið var í vinnustofuheimsóknir til leirlistamanna, **Claydies** og **Christian Bruun**. Hönnunardeildin á **Bornholm** var heimsótt til að nemendur kynntust starfssemi skólans og var þeim boðið í viðtal varðandi inngöngu inn á þriðja ár í BA námið þar.

Ferðin til Þýskalands var tengd verkefni annarinnar en þar fengu nemendur að starfa innan postulínsverksmiðjunnar KAHLA. Nemendur fengu að vinna í verksmiðjunni við að steypa í mótin sem þau höfðu unnið á Íslandi og sent út, glerja og brenna verkin sín. Mikið var gert á fimm dögum og forréttindi að fá tækifæri til að starfa innan verksmiðjunnar og kynnast möguleikum hennar til framleiðslu á postulínsvöru.

Mótun hefur skapað sterk og góð tengsl við verksmiðjuna og mun halda áfram að rækta þau. Kennararnir **Sigurlína Osuala** og **Brynhildur Pálsdóttir** fóru með í ferðina og höfðu umsjón með verkefninu. Prófdómari verkefnisins var **Hanna Dís Whitehead**. Afrekstur ferðarinnar var sýndur á vorsýningu diplómadeildanna í **Safnahúsinu**, Hverfisgötu. Sýningin tókst mjög vel og vöktu verk og uppsetning sýningarinnar mikla athygli gesta.

Á opnuninni á sýningunni var tilkynnt hvaða þremur nemendum stæði til boða að fara í starfsnám til KAHLA og þróa áfram verkefni sín á gifsmótaverkstæði. Nemendurnir sem valdir voru eru **Amanda Ida Olivia Normark**, **Íris Elva Ólafsdóttir** og **Pórhildur Ásmundsdóttir**.

Mótun fékk á önninni góðan gest frá Bandaríkjunum en leirlistamaðurinn **Andy Shaw**, aðstoðarprófessor í keramik við **Louisiana State University**, kom og kenndi nemendum í þrjá daga. Hann hélt einnig fyrirlestur um eigin verk og átti fundi með skólastjóra Myndlistaskólans, deildastjóra og kennurum mótunardeildar. Rætt var um einhverskonar samstarf á milli skólanna og er áhugi mikill fyrir því.

HAUSTÖNN: A HLUTI - UPPRUNI

Sex nýir nemendur voru teknir inn. Í inntökunefnd voru Ólöf Erla Bjarnadóttir og Sigurlína Osuala. Skoðaðar voru möppur með náms- og starfsferli, verkum og skissum en auk þess voru umsækjendur teknir í viðtöl.

A - hluti skiptist í 4 áfanga. Þeir eru: Hugmyndavinnu, Efni og aðferðir, Tilraunastofa með íslensk jarðefni og Saga manns og

Myndirnar sýna úr starfi nemenda í A-hluta.



hlutar, sem kenndur er á vegum Tækniskólans.

Deildarstjóri: Ólöf Erla Bjarnadóttir.

Annarstjórar voru **Sigurlína Osuala** og **Kristrún Thors**.

Kennarar voru auk þeirra, **Bjarnheiður Jóhannsdóttir** og **Inga Ragnarsdóttir** sem kenndu áfangann Íslensk jarðefni og **Elísabet Ingvarsdóttir** sem kenndi Sögu manns og hlutar.

Nemendur: Fjórtni nemendur stunduðu nám og allir luku 23 einingum eða ígildi 30 ECTS eininga. Tveir nemendur luku tveggja ára námi í lok annar.

Í A hluta er „uppruni“ hugmyndaegur útgangspunktur og þar er unnið með jarðleir og ýmsar hefðbundnar aðferðir við mótun og skreytingu. Í hugmyndavinnu var lögð áhersla á að nemendur færðu á sýningar og síðan valdi hver nemandi listamann eða hönnuð til að kynna sér betur. Þetta skapaði lífligar umræður og áhugaverðar úrlausnir í leir. Í áfanganum Íslensk jarðefni var farin ferð í Dalasýslu þar sem grafinn var upp leir og margvíslegum steinefnum safnað til glerungagerðar. Þá var farið í heimsóknir í **Hagleikssmiðju Sigríðar Erlu** í Stykkishólmi og að **Nýp á Skarðsströnd**. **Inga Ragnarsdóttir** kynnti einnig rannsóknir föður síns, **Ragnars Kjartanssonar**.

Frá sýningu diplómanema í Safnahúsinu, Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra og Ásta Magnúsdóttir ráðuneyttisgjafi skoða sýninguna.



Lokaverkefni nemenda í D hluta.



TEIKNING

– DIPLÓMANÁM

VORÖNN: D-HLUTI

D hluti skiptist í 4 áfanga: Samvinna, Tjáning og miðlun, Sjálfstætt lokaverkefni og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja sem var kennt á vegum Tækniskólans.

Deildarstjóri: Anna Cynthia Leplar.

Annarstjóri: Bjarni Hinriksson.

Kennarar: Gérald Gorridge, Hugleikur Dagsson, Halldór Baldursson, Bjarni Hinriksson, Anna C Leplar, Jón Karl Helgason, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Jóhann L. Torfason og Bjarnheiður Jóhannsdóttir.

Nemendur: Prettán nemendur hófu nám en einn hætti í byrjun annar. Tólf nemendur luku 23 einingum eða ígildi 30 ECTS eininga á önninni.

Fyrirlestrar: Gérald Gorridge prófessor í teiknimyndasögum frá Frakklandi, Benjamin Bohn frá tölvuleikjafyrirtækinu CCP, Kristín Ragna Gunnarsdóttir teiknari og Jón Karl Helgason frá HÍ.

Áhersla annarinnar var á sjálfstæða verkefnavinnu og jafnframt mikla hóp- og samvinnu. Mikið var unnið í handritagerð, texta- og hugmyndavinnu. Rauður þráður í gegnum önnina voru sjónrænar dagbækur. Kristín Ragna Gunnarsdóttir fór yfir bækur nemenda í einstaklings- og hópinnu, vikulega alla önnina.

Samvinna

Í þrjár vikur var unnið með ritlistarnemum í Háskóla Íslands í samvinnu við Rúnar Helga Vignisson. Í samvinnu við rithöfunda fengu nemendur þjálfun í að túlka skrifaðan texta og skynja hvað það er sem er mikilvægt að velja úr textanum til að myndskreyta. Þeir þurftu að rökstyðja eigin hugmyndir í samvinnu við aðra. Afrakstur samvinnunar var sýndur á göngum Háskóla Íslands. Þetta var í annað sinn sem þetta verkefni var unnið og vegna þess hve vel það gekk hjá fyrsta hópnum fengu ritlistanemar sína vinnu metna til eininga í háskólanum.

Tjáning og miðlun

Sjónvarpið: Bjarni Hinriksson kynnti nemendur fyrir grunnferli. sjónvarpsvinnunnar og þá sérstaklega hönnun, leikmynd og grafík, í samstarfi við RÚV. Nemendur unnu saman í smærri hópum að verkefnum. Vinnan þá vikuna fór að mestu fram á teiknistofu RÚV. **Grafikverkstæði:** Tveggja vikna lota í hugmyndavinnu og grafík-vinnslu hennar. Undirbúningsvikan fór fram í Myndlistaskólanum og var kennt af Bjarna Hinrikssyni. Seinni vikan var unnin undir hand-leiðslu Jóhanns L. Torfasonar á prentverkstæði Listaháskóla Íslands. Þótt hugmyndavinnan og teikningin hafi verið viðfangsefni vikunnar á undan var prentverkstæðið einnig vettvangur sköpunar og umbreytinga.

Myndasögur og fornsögur: Jón Karl Helgason hélt fyrirlestur um myndskreytingar við Brennu-Njálssögu og stýrði verkefnavinnu þar sem nemendur unnu tveir og tveir saman að greiningu á myndasögu sem byggð er á fornsögu. Nemendur öfluðu sér heimilda og stoð-efnis frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og unnu eigin myndasögu.

Frásagnartækni: Hugleikur Dagsson stýrði viku þar sem nemendur unnu nokkur verkefni í myndasöguggerð til þess ætluð að efla frásagnargleði þeirra. Daglega voru ný verkefni lögð fyrir og markmiðið var að nemendur finndu sína „myndasögurödd“.

Myndasöguggerð: Gérald Gorridge, myndasöguhöfundur og prófessor við l'École Européenne Supérieure de l'Image (ÉESI) í Angoulême, var gestakennari við deildina í viku. Hann lagði fram verkefni sem hver og einn mátti túlka á sinn hátt.

Á vegum Tækniskólans var kenndur áfanginn Nýsköpun og stofnun fyrirtækja. Bjarnheiður Jóhannsdóttir kenndi þann áfanga.

Sjálfstætt lokaverkefni

Í þessum áfanga var kennslustofan verkstæði eða vinnustofa. Í upphafi verkefnavinnu þurftu nemendur að leggja fram hugmynd og verkáætlun. Þau unnu í framhaldi sjálfstætt að lokaverkefni undir handleiðslu annarstjóra, kennara fyrri anna og/eða mentora úti í bæ. Einstaklingsvinnan var brotin upp af og til með beinni kennslu eða verkefnum þegar listamenn/fræðimenn/höfundar voru fengnir í heimsókn.

Vorsýning - útskrift og inntaka nýrra nemenda

Önninni lauk með vorsýningu diplómadeilda Myndlistaskólans í Safnahúsinu. Alls útskrifuðust tíu nemendur úr teiknideild í maí. Þrjú þeirra sóttu um og komust inn á þriðja ár við University of Cumbria, tveir í Fine Art með áherslu á teikningu og þriðji í Games Design (tölvuleikjahönnun). Einn þeirra kaus að fara inn á 2. ár til að fá meiri tíma í háskólanum. Fjórdi nemandinn sótti um nám í Cumbriú með fyrirvara um að hefja nám 2015.

Fjötúti og fimm umsóknir bárust teiknideild fyrir skólaárið 2014-2015. Fjórtn pláss voru í boði þar sem ákveðið var að fjölga um tvo nemendur en tveir nemendur sem hófu nám haustið 2013 héldu áfram. Í inntökunefnd voru Anna Cynthia Leplar, deildarstjóri, Halldór Baldursson og Sólveig Aðalsteinsdóttir, kennarar við deildina frá upphafi. Eftir inntökuferið voru bréf send út til allra umsækjenda sem komust ekki inn í deildina með ítarlegri útskýringu á því sem leitað var eftir.

A-HLUTI, HAUST 2014

A hluti skiptist í 4 áfanga: Módel- og hlutateikning, Kveikjur-heimildir- úrvinnsla, Umhverfi-tækni-samvinna, Saga manns og hlutar og Myndasögur.

Annarstjóri: Anna Cynthia Leplar.

Kennarar: Sólveig Aðalsteinsdóttir, Halldór Baldursson, Linda Ólafsdóttir, Bjarni Hinriksson, Þóra Sigurðardóttir, Brian Pilkington, Porri Hringsson, Ingólfur Björgvinsson, Margrét Blöndal, Anna Cynthia Leplar og Elisabet Ingvarsdóttir.

Úlfhildur Dagsdóttir kenndi myndasögur einn eftirmiðdag í viku í 5 vikur. Gestakennarar á önninni voru Martin Fowler frá University of Cumbria, Ole Dalgaard og Dorte Karrebæk, rithöfundur og teiknari frá Danmörku sem voru með sýningu á *Mýrinni – barnabókahátið* í Norræna húsinu.

Nemendur: Fjórtn nýir nemendur hófu nám í A-hluta ásamt tveim nemendum sem höfðu lokið C- og D-önn skólaárinu áður og luku þau öll önnina með 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga á önninni.

Ákveðið var að nemendur myndu frá upphafi vinna stöðugt í sjónrænum dagbókum. Kristín Ragna Gunnarsdóttir fór yfir bækur nemenda í einstaklings- og hópinnu einu sinni í viku alla önnina. Þessi vinna hefur skilað sér í auknu öryggi í teikningu og myndrænni tjáningu á öllum sviðum.

Áfanginn Módel- og hlutateikning teygði sig yfir alla önnina. Nemendur fengu innsýn í margslungna eiginleika módelteikningarinnar í gegnum teikningu og málun. Þeir nýtu sér þann grunn sem undirstöðu fyrir fjölbreytilega myndheima. Kennarar voru: Þóra Sigurðardóttir, Anna Cynthia Leplar, Halldór Baldursson, Porri Hringsson og Margrét Blöndal.

Áfanginn Kveikjur, heimildir, úrvinnsla fléttaðist einnig í gengum önnina alla. Nemendur unnu með teikninguna eins og hún birtist frá söguöld til dagsins í dag. Nemendur lærðu að afla sér gagna úr margs konar handritum, söfnum og bókum með skissum, ljósmyndum og textum.



Samvinnuverkefni á A-önn. Kennarar voru Sólveig Aðalsteinsdóttir og Halldór Baldursson.

Nemendur unnu með forrit, teikningar úr handritum miðalda og listasöguna (mannslíkaminn og fjarvíddarrými). Kennarar á þessum áfanga voru Halldór Baldursson, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Bjarni Hinriksson. Einn hluti af þessum áfanga var kenndur af Martin Fowler frá Cumbriú sem leiddi nemendur í gegnum ýmsa tækni í vinnu með þeirra eigin hugarheima. Mikilvæg og góð reynsla var að fá kennara frá samvinnuháskóla deildarinnar.

Umhverfi, tækni, samvinna var þriðji fléttuáfangi annarinnar. Nemendur efltu færni sína í grundvallaratriðum myndgerðar, í teikningu, litameðferð og í myndrænni frásögn. Kennarar voru m.a. Halldór Baldursson og Linda Ólafsdóttir. Nemendur kynntust einföldum grafískum aðferðum hjá Jóhanni L. Torfasyni. Hjá Brian Pilkington kynntust nemendur leiðum til að skapa andrúmsloft með notkun ljóss og skugga og markvissri litanotkun. Hjá Dorte Karrebæk og Ole Dalgaard frá Danmörku kynntust nemendur nýjum myndskreytingaraðferðum. Auk þessi hvöttu þau nemendur til að hugsa út fyrir rammann þad fól í sér mikla áskorun fyrir þau.

Á opnum degi í október var gestum boðið að koma og sjá nemendur að störfum.

Í lok haustannar, eftir að formlægri kennslu lauk, var haldið viku námskeið í gerð ferilmöppu fyrir allar diplómadeildirnar.



Nemandi úr A-önn segir frá verkum sínum á yfirferð. Kennari var Martin Fowler frá University of Cumbria.

Tvo nemendaverk. Kennari var Kristín Ragna Gunnarsdóttir.



Vorsýning undirbúin í Safnahúsinu.

TEXTILL

– DIPLÓMANÁM

VORÖNN: D-HLUTI - FRAMLEIÐSLA

D-hluti skiptist í 4 áfanga: **Próun hugmynda - hönnun og framleiðsla, Sjálfstætt verkefni, Textílpottur, Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.**

Deildarstjóri: Andrea Fanney Jónsdóttir

Annarstjóri: Andrea Fanney Jónsdóttir

Kennarar: Andrea Fanney Jónsdóttir, Sigrún Halla Unnarsdóttir, Þórunn Árnadóttir, Guðbjörg Ingvarsdóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir, Bjarki Bragason, Christie Alexander, Erna Einarsdóttir, Guðrún Eysteinsdóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Magnea Einarsdóttir, Margrét H. Blöndal og Sigrún Halla Unnarsdóttir.

Nemendur

Fjórtnán nemendur hófu nám við textildeildina á vorönn 2014. Níu þeirra útskrifuðust um vorið og þrír nemendur sem hófu nám haustið áður héldu áfram á A-önn. Einn nemandi fékk inngöngu í **Gerrit Rietveld** háskólann í Amsterdam eftir eins árs nám við deildina og einn nemandi þurfti að hætta vegna veikinda. Tveir útskriftarnemar fóru í framhaldnám erlendis, annar í BA-nám í textíl í **Heriot-Watt** University í Skotlandi og hinn í MA-nám í **Textilhögskolan** í Borås í Svíþjóð. Tveir nemendur fóru í 7 vikna starfsnám í júní og júlí og fengu ferða- og dvalarstyrk frá Erasmus. Það voru hönnunarfyrirtækin **Muovo** í Helsinki í Finlandi og **Eribé knitwear** í Skotlandi sem tóku á móti þeim.

Teknir voru inn 10 nemendur sem hófu nám á haustmisseri 2014.

Framleiðsla er þema D-hluta.

Á þessari önn er lögð áhersla á að nemendur þjálfri færni í að þróa hugmyndir sínar í hönnun og útfærslu textílefna. Nemendur velja sér viðfangsefni út frá eigin forsendum og áhugasviði og þróa með markvissri hugmynda- og rannsóknarvinnu. Samskipti og framleiðsla eru útgangspunktur allrar vinnu á önninni. Jafnframt er lögð rík áhersla á að nemendur kynnist fjölbreyttum framleiðslumöguleikum innan greinarinnar.

Próun hugmynda - hönnun og framleiðsla

Andrea Fanney Jónsdóttir hafði umsjón með áfanganum. Markmið áfangans er að þjálfva nemendur í að vinna saman í hópum að lausn verkefna sem líkja eftir raunverulegu ferli í heimi framleiðslu og hönnunar, í samstarfi við hönnuði, fagaðila og fyrirtæki. Verkefni nemenda var að þróa nýjan textíl út frá skartgripum frá **Aurum** undir leiðsögn **Andreu Fanneyjar Jónsdóttur, Sigrúnar Höllu Unnarsdóttur og Þórunnar Árnadóttur**, í nánú samstarfi við **Guðbjörgu Ingvarsdóttur** hönnuð og gullsmið hjá Aurum. Nemendur unnu rannsóknar- og hugmyndavinnu og hönnuðu og útfærðu myndir fyrir stafræna textílprentun í samstarfi við **Textílprentun Íslands**. Verkefnin voru kynnt á **Hönnunarmars** og voru til sýnis í verslun Aurum á Bankastræti.

Nýsköpun og stofun fyrirtækja

Bjarnheiður Jóhannsdóttir kenndi áfangann sem er kenndur í samvinnu við Tækniskólann.

Textílpottur

Andrea Fanney Jónsdóttir hafði umsjón með áfanganum, sem hefur það markmið að undirbúa nemendur fyrir framtíðina sem textilhönnuðir og listamenn og að þjálfva sjálfstæði og færni þeirra í greiningu eigin hugmynda með umræðum og verkefnum. Allar vettvangsferðir og fyrirlestrar annarinnar heyra undir áfangann. Textílpotturinn tengdist að þessu sinni áföngunum: Próun hugmynda - hönnun og framleiðsla og Sjálfstætt verkefni. Í byrjun annar fóru nemendur í heimsókn í verslunina **Aurum** og kynntu sér hvernig próun hugmynda, hönnun og framleiðsla fer fram í fyrirtækinu. Nemendur tóku virkan þátt í **Hönnunarmars 2014**, mættu á undirbúningsfundi fyrir hátíðina, sóttu fyrirlestra og viðburði á sjálfri hátíðinni, tóku myndir, skrifuðu greinargerðir og tóku að lokum þátt með sýningu á samstarfsverkefni við Aurum og **Textílprentun Íslands** á Hönnunarmars. Nemendur fóru einnig í skipulagðar og sjálfstæðar vettvangsverðir á söfn og sýningar og söfnuðu efni sem þau nýttu í fyrirlestra fyrir samnemendur og kennara og sem kveikju eða stuðning við hugmynda- og rannsóknarvinnu í áfanganum Sjálfstætt verkefni.

Textill D-hluti. Próun hugmynda, hönnun og framleiðsla



Frá sýningu diplómanema í Safnahúsinu, Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra skoðar sýninguna.

Sjálfstætt verkefni

Andrea Fanney Jónsdóttir var kennari og yfirleiðbeinandi áfangans. Aðrir leiðbeinendur: **Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir, Bjarki Bragason, Christie Alexander, Erna Einarsdóttir, Guðrún Eysteinsdóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Magnea Einarsdóttir, Margrét H. Blöndal og Sigrún Halla Unnarsdóttir**. Í áfanganum fer fram sjálfstæð vinna sem byggir á rannsóknum á viðfangsefni sem nemandi velur sér sjálfur út frá sínu áhugasviði. Viðfangsefnið þróa nemandinn áfram og fullvinnur textíl sem gæti verið tilbúinn til framleiðslu. Markmið áfangans er að nemendur þjálfist í að þróa hugmyndir sínar með markvissum vinnubrögðum í samstarfi við kennara, leiðbeinendur, samstarfsaðila og samnemendur. Hver nemandi vinnur í tengslum við fyrirtæki, stofnanir, fagaðila, hönnuð eða listamann að þróun hugmyndar sinnar.

Sjálfstæð verkefni nemenda voru sýnd á vorsýningu diplómadeildanna í **Safnahúsinu**, Hverfisgötu. Athygli vakti fjölbreytni í efnisvali og aðferðum og verkinu nutu sín vel í sýningarrýminu. Uppsetning sýningarinnar var að fyrirmynd útskriftarsýningar textíleildar Glasgow School of Art og var stjórnað af **Andreu Fanneyju Jónsdóttur og Magneu Einarsdóttur**. Myndlistarskólinn fékk aðstoð og leiðsögn frá tæknifólki þar við framkvæmdina. Þessi nýjung kemur sér vel fyrir textíleildina og leysa vandamál sem geta komið upp við uppsetningu textíilverka.



Inntaka nýrra nemenda

Tuttugu og fjórar umsóknir bárust. Í inntökunefnd voru Andrea Fanney Jónsdóttir og Hildur Bjarnadóttir. Tíu nemendum var boðin skólavist.

HAUSTÖNN: D-HLUTI - TREFJAR

A hluti skiptist í 6 áfanga: **Ullarvinnsla og jurtalitun, Vefnaður, Efnisfræði textílefna, Textílpottur, Þrjónatækni og Saga manns og hlutar.**

Deildarstjóri: Andrea Fanney Jónsdóttir, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir leysti hana af í október þegar hún fór í barneignaleyfi. **Annarstjóri: Arnþrúður Ösp Karlsdóttir**
Kennarar: Ásthildur Magnúsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Áslaug Sverrisdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Margrét H. Blöndal, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Magnea Einarsdóttir.

Nemendur: Fjórtnán nemendur hófu nám við textildeildina á haustönn, þar af 10 nýnemar og luku þrettán þeirra 23 einingum eða ígildi 30 ECTS eininga hver, einn nemandi þurfti að hætta námi vegna veikinda.

Trefjar eru þema D-hluta.

Á þessari önn er hugað að grunnþáttum textíla, unnið með trefjarnar, handverkið, hefðina og textílsagan rifjuð upp. Textílhéðin á sér djúpar rætur á Íslandi og munu nemendur læra um textílaðferðir og trefjar í tengslum við sögulega hefð og jafnframt

Textill D-hluti - Sjálfstætt verkefni. Vorsýning





Textill A-hluti. Ullarlitun, ullarvinnsla og vefnaður

skoða möguleika þeirra í samtímanum. Fjölbreyttar tilraunir eru gerðar til að kynnast eiginleikum trefja og þráðar í nýju samhengi í gegnum spuna - þráðargerð, efnisfræðipækkingu, vefnað og teikningu.

Ullarvinnsla og jurtalitun

Ásthildur Magnúsdóttir kenndi undirstöðuatriði í ullarvinnslu, tóvinnu og þráðargerð. Nemendur lærðu að spinna á rokk og þær sem vildu spunnu einnig á halasnældu. Unnið var bæði á hefðbundinn hátt og óhefðbundinn í gegnum tilraunir með spuna og fjölbreytni í efnisvali. **Guðrún Bjarnadóttir** kenndi helstu aðferðir við jurtalitun. Nemendur heimsóttu hana á vinnustofu hennar, Hespúhúsið í Borgarfirði þar sem hún var með sýnikennslu í litun og kenndi nemendum að þekkja og tína jurtir í umhverfinu. **Tóvinnu í íslenska sveitasamfélaginu: Áslaug Sverrisdóttir** fræddi nemendur um sögu ullarvinnslu á Íslandi og rifjaði upp textilsöguna. Fyrirlestrarir dreifðust yfir önnina.

Vefnaður

Ásthildur Magnúsdóttir kenndi undirstöðuatriði í vefnaði, allt frá því að velja garn í uppistöðu og ívaf, reikna út garnmagn, rekja og binda upp í vefstólinn. Nemendur bundu upp í 12 stóla og ófu prufur af vefnaðargerðum.

Prjónatækni

Magnea Einarsdóttir kenndi tæknilegan grunn fyrir prjón s.s. mikilvægi prjónfestu, mismunandi aðferðir við uppfit, affellingar, úrtökur og útaukningu.

Efnisfræði textílefna

Arnþrúður Ösp Karlsdóttir fjallaði um hráefni til þráðargerðar og helstu aðferðir til vinnslu voðar. Nemendur lærðu að greina textílefni með sérstökum aðferðum og þekkja sérkenni, eiginleika, möguleika og takmarkanir þeirra við vinnslu á textíl. Kennsla deifðist yfir önnina.

Saga manns og hlutar

Elisabet Ingvarsdóttir kenndi námskeiðið sem er fyrir nemendur úr öllum diplómadeildum og er kennt í samvinnu við **Tækniskólann**. Hún fékk til sín gestafyrirlesara og fór í heimsóknir, m.a. í **Hönnunarsafn** Íslands, kennslan dreifðist yfir önnina.

Textílpottur


Arnþrúður Ösp Karlsdóttir hafði umsjón með námskeiðinu. Farið var í tvær námsferðir, annarsvegar í Borgarfjörð þar sem **Guðrún Bjarnadóttir** kenndi jurtalitun á vinnustofu sinni **Hespúhúsinu** og fræddi um plöntufræði og jurtatíslu og handverk Borgfirðinga var skoðað í **Ullarselinu** á Hvanneyri. Í námsferð á Norðurland voru heimsóttir eftirtaldir staðir: **Heimilisiðnaðarsafnið** og **Textílsetrið** á Blönduósi, **Listasafn Akureyrar**, **Iðnaðarsafnið** og **Glófi** prjónastofa á Akureyri. Vinnustofur eftirfarandi textíllistamanna á Akureyri voru heimsóttar: **Ragnheiðar Þórsdóttur**, **Önnu Guðmundsdóttir** og **Guðrúnar Höddu Bjarnadóttur**. Á Sauðárkróki fengu nemendur leiðsögn um sútunarverksmiðjuna **Gestastofu sútarans** og heimsóttu **KIDKA** prjónaverksmiðju á Hvammstanga. Á **Þjóðminjasafni Íslands** fengu nemendur leiðsögn og fræðslu um textíla safnsins og farið var í skoðunaferð um spunaverksmiðju **ÍSTEX** í Mosfellsbæ. Gestafyrirlesarar á önninni voru **Hildur Bjarnadóttir** sem fjallaði myndlist - jurtir og jurtalitun, **Anna María Lind Geirsdóttir** fjallaði um íslenskar geitur og geitafiðu. Kennslan dreifðist yfir önnina. **Sólveig Aðalsteinsdóttir** kenndi nemendum teikningu og aðferðir við að halda hugmyndum sínum til haga með skissuvinnu á mismunandi pappír með margskonar áhöldum. Skoðaðar voru sýningar og skissuvinna ólíkra listamanna kynnt.

Ferilmöppu / portfólíógerð

Í lok haustannar sóttu nemendur viku nám í gerð ferilmöppu ásamt nemendum hinna diplómadeildanna.

STARFSFÓLK 2014

Fastir starfsmenn	2014	
Skólastjóri	100%	Ingibjörg Jóhannsdóttir - Áslaug Thorlacius
Bókasafn	69%	Herdís Tómasdóttir - Bjarki Bragason - Karlotta Blöndal Margrét Blöndal - Sigríður Björg Sigurðardóttir
Bókhald og fjármál	100%	Björg Elín Pálsdóttir
Skrifstofa	267%	Hafís Helgadóttir - Ina Salóme Hallgrímsdóttir Baldur Björnsson
Ræstingar	109%	Krzysztof Kisielewski
Umsjónarmaður húss og tækja	95%	Sigurjón Gunnarsson
Viðhald á húsnæði	15%	Hilmar Guðjónsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	32%	Halldóra Ingimarsdóttir - Kristinn Harðarson
Barnadeild - deildarstjórn	70%	Halldóra Ingimarsdóttir
Keramikdeild - deildarstjórn & umsjón	70%	Ólöf Erla Bjarnadóttir - Sigurlína Margrét Osuala
Sjónlistadeild - deildarstjórn	125%	Áslaug Thorlacius - Inga Þórey Jóhannsdóttir
Teikning - deildarstjórn	50%	Anna Cynthia Leplar
Textill - deildarstjórn	50%	Andrea Fanney Jónsdóttir - Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Samtals	1143%	
<i>Fjöldi fastra starfsmanna</i>	24	
Launþegar alls	40	
Verktakar alls	119	
Samtals	159	



OPIÐ HÚS

Í DAGSKÓLA, HAUST 2014

23. október var opið hús í dagskóla Myndlistaskólans. Skólinn skartaði sínu fegursta en nemendur höfðu hengt upp verkefni um allt hús af tilefninu. Boð var sent til nemenda efstu bekkja grunnskóla og nemenda annarra framhaldsskóla. Opna húsið var fjölsótt og mjög vel heppnað í alla staði. Nokkuð var um að nemendur kæmu í hópum ásamt kennurum sínum en margir komu líka á eigin vegum. Foreldrar og vinir nemenda nýttu líka tækifærið til að skoða starfið í skólanum.



Tölulegar upplýsingar um starfsemi skólans árið 2014

VORÖNN 2014 samtals:	nemendur	áfangar	kennslustundir	kennarar
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	16	10	665	15
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	12	12	622	18
Sjónlist 3 - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	32	9	593	18
Keramik kjörsvið				
Mótun diplómanám B-hluti				
Mótun diplómanám D-hluti	12	4	598	3
Teikning diplómanám B-hluti				
Teikning diplómanám D-hluti	13	5	598	7
Textíll diplómanám B-hluti				
Textíll diplómanám D-hluti	14	6	598	8
Almenn námskeið	315	27	1398	36
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	24	3	186	5
Endurmenntun	31	3	18	4
Barna- og unglinganámskeið	226	29	992	40
Dymbilvikunámskeið				
Leikskóla samstarf	25	2	44	2
Listbúðir grunnskóla				
Samstarfsverkefni barnadeildar				
Sumarnámskeið	215	23	440	29
Listbúðir erlent samstarf				
HAUSTÖNN 2014 samtals:	nemendur	áfangar	kennslustundir	kennarar
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	20	11	701	22
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	13	14	619	23
Sjónlist 3 - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	42	10	598	17
Keramik kjörsvið				
Mótun diplómanám A-hluti	14	4	598	5
Mótun diplómanám C-hluti				
Teikning diplómanám A-hluti	16	5	598	14
Teikning diplómanám C-hluti				
Textíll diplómanám A-hluti	13	6	598	4
Textíll diplómanám C-hluti				
Almenn námskeið	228	22	1138	24
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	21	3	230	5
Endurmenntun				
Barna- og unglinganámskeið	199	25	864	31
Leikskóla samstarf				
Listbúðir grunnskóla				
Samstarfsverkefni barnadeildar				
Erlent samstarf barnadeildar	13	1	10	3
Samtals á árinu 2014	1514	234	12706	333

FJÖLDI NEMENDA samanburður milli ára

VORANNIR	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	16	11	25						
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	12	23							
Sjónlist 3 - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	32	17	29	33	34	28	31	26	22
Keramik kjörsvið	0					7	8	6	10
Mótun diplómanám B-hluti	0	11	12	14	13	12	11		
Mótun diplómanám D-hluti	12	9	9	9	13	8			
Teikning diplómanám B-hluti	0	13		14					
Teikning diplómanám D-hluti	13		13						
Textíll diplómanám B-hluti	0	12		12					
Textíll diplómanám D-hluti	14		12						
Almenn námskeið	315	156	201	266	269	253	215	191	193
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	24	28	40	32	50	26	6		
Endurmenntun	31	95	110	43	34	79			
Barna- og unglinganámskeið	226	202	224	217	189	207	255	194	199
Dymbilvikunámskeið	0	18	10	10	18	17	17	23	13
Leikskóla samstarf	25	28	25	26	54	53	40	42	
Listbúðir grunnskóla	0			115	120	129	131	45	
Samstarfsverkefni barnadeildar	0		96		95	6		10	
Sumarnámskeið	215	213	134	155	188	218	144	237	187
Listbúðir erlent samstarf	0			29	8	9	17	5	
HAUSTANNIR	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	20	18	15	33					
Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	13	13	24						
Sjónlist 3 - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	42	35	19	34	34	34	29	31	30
Keramik kjörsvið	0		7	7	8	12	7		11
Mótun diplómanám A-hluti	14	4	10	14	11	11	11	11	
Mótun diplómanám C-hluti	0	13	7	12	12	13	9		
Teikning diplómanám A-hluti	16		14		14				
Teikning diplómanám C-hluti	0	14		14					
Textíll diplómanám A-hluti	13		13		12				
Textíll diplómanám C-hluti	0	14		12					
Almenn námskeið	228	227	186	184	231	199	207	207	203
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	21	25	30	44	29	20	6	19	
Endurmenntun	0	67		10	17			60	
Barna- og unglinganámskeið	199	217	191	177	182	166	203	194	153
Leikskóla samstarf	0	26	27	30	31	39	97	199	64
Listbúðir grunnskóla	0	93	125			115	150		
Samstarfsverkefni barnadeildar	0							10	
Erlent samstarf barnadeildar	13		5						
Fjöldi nemenda milli ára	1514	1602	1613	1546	1666	1661	1594	1510	1085

Brautskráðir nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík árið 2014

SJÓNLISTADEILD

Tveggja ára námsbraut til stúdentsprófs stúdentar útskrifaðir 27.maí 2014

Arna Lís Traustadóttir
Ásdís Birna Gylfadóttir
Björn Sigríðarson Traustason
Egill Darri Úlfarsson
Guðni Kolbeinn Pálsson
Jökull Helgi Sigurðsson
Marta Finnbogadóttir
Sigrún Hanna Ómarsdóttir

SJÓNLISTADEILD

Eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista nemendur útskrifaðir 27.maí 2014

Auður Ómarsdóttir
Ágústa Gunnarsdóttir
Ástrós Steingrímsdóttir
Diljá Hilmarsdóttir
Elín Elísabet Einarsdóttir
Elsa María Guðlaugsdóttir
Erna Sólrún Haraldsdóttir
Guðbrandur Magnússon
Halldór Kristjánsson
Haraldur Pétursson
Helga Björk Ottósdóttir
Hildigunnur Sigvaldadóttir
Hrafnkell Guðmundsson
Inga Hildur Jóhannsdóttir
Inga Magnés Weisshappel
Jóhannes Ágúst Magnússon
Jóhannes Páll Magnússon
Júlíana Garðarsdóttir
Klara Sól Ágústsdóttir
Perla Hafþórsdóttir
Rannveig Jónsdóttir
Sara Svavarsdóttir
Sigmar Örn Sveinsson
Sigrún Gyða Sveinsdóttir
Sigurrós Guðbjörg Björnsdóttir
Snæfríður Sól Gunnarsdóttir
Stefán Hjálmtýr Stefánsson
Thelma Lind Waage
Valgerður Gestsdóttir
Veigar Ölnir Gunnarsson
Þórdís Björk Þorfinnsdóttir

MÓTUN - leir og tengd efni diplómanám

- ígildi 120 ECTS eininga

nemendur útskrifaðir 28.maí 2014

Amanda Ida Olivia Normark
Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir
Íris Elva Ólafsdóttir
Kolbrún Gissurardóttir
Lilja Dögg Þorbjörnsdóttir
Sunna Shabnam Halldórudóttir

TEIKING diplómanám

- ígildi 120 ECTS eininga

nemendur útskrifaðir 28.maí 2014

Álfgrímur Sigurðarson
Árni Jón Gunnarsson
Björgvin Már Pálsson
Ída Bjarney Guðmundsdóttir
Magnús Dagur Sævarsson
Ragnheiður Ásta Valgeirsdóttir
Rúnar Steinn Skaftason
Sandra Karen Hildardóttir
Sara Sigurðardóttir
Þórgunnur Þórsdóttir

TEXTÍLL diplómanám

- ígildi 120 ECTS eininga

nemendur útskrifaðir 28.maí 2014

Aðalheiður Erlendsdóttir
Björk Eldjárn Kristjánsdóttir
Elva Dögg Árnadóttir
Erla Dís Arnardóttir
Guðný Katrín Einarsdóttir
Guðrún Elísa Ragnarsdóttir
Lilý Erla Adamsdóttir
Sigrún Halla Ásgeirsdóttir
Tanja Huld Leví Guðmundsdóttir

Félagatal Myndlistaskólans í Reykjavík 2014

Anna Cynthia Leplar
Anna Guðjónsdóttir
Anna Hallin
Anna Hrunn Másdóttir
Anna Þóra Karlsdóttir
Áslaug Thorlacius
Ásthildur Magnúsdóttir
Birgir Snæbjörn Birgisson
Bjarki Bragason
Bjarnheiður Jóhannsdóttir
Bjarni Hinriksson
Björk Guðnadóttir
Borghildur Óskarsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Búi Kristjánsson
Daði Guðbjörnsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Elsa Dórothea Gísladóttir
Erla Stefánsdóttir
Eygló Harðardóttir
Finnur Arnar Arnarson
Guðbjörg Káradóttir
Guðjón B. Ketilsson
Guðný M. Magnúsdóttir
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Hannesdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Hafþís Helgadóttir
Halldór Baldursson
Halldóra Ingimarsdóttir
Hallsteinn Sigurðsson
Haraldur Jónsson
Helgi Gíslason
Herdís Ellen Gunnarsdóttir
Herdís Tómasdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir
Hildur Bjarnadóttir
Hlíf Ásgrímsdóttir
Hrafnkell Birgisson
Hrönn Magnúsdóttir
Inga Þórey Jóhannsdóttir
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingólfur Arnarsson
Ína Salóme Hallgrímsdóttir

Jóhann Torfason
Jón Axel Björnsson
Jón Bergmann Kjartansson Ransú
Karl Jóhann Jónsson
Karlotta Blöndal
Katrín Briem
Kolbeinn Hugli Höskuldsson
Kolbrún S. Kjarval
Kristinn Guðbrandur Harðarson
Kristinn Helgason
Kristín Hauksdóttir
Kristín Ísleifsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Kristján Steingrímur Jónsson
Lísa Guðjónsdóttir
Louise Harris
Margrét H. Blöndal
Margrét Friðbergsdóttir
Margrét Zophoníasdóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Ólöf Nordal
Ósk Vilhjálmsdóttir
Páll Thayer
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnhildur Stefánsdóttir
Shauna Laurel Jones
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigrún Ólöf Einarsdóttir
Sigtryggur Bjarni Baldvinsson
Sigurður Guðmundsson
Sigurður Þórir
Sigurjón Gunnarsson
Sigurlaug Lövdahl
Sigurlína Margrét Osuala
Sólveig Aðalsteinsdóttir
Svanborg Matthíasdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Unnar Örn Jónasson
Valgerður Bergsdóttir
Vigfús Birgisson
Vilhjálmur Þorsteinsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Þorri Hringsson
Þóra Sigurðardóttir

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK